



HS VEITUR HF

# ÁRSSKÝRSLA 2013







## EFNISYFIRLIT

HS Veitur hf .....	3
Stjórn og skipulag .....	4
Fjármál .....	6
Skrifstofa.....	7
Reykjanes gönguferðir .....	8
Starfsmannafélag .....	8
Starfsmannahald .....	11
Rafmagnsdeild .....	12
Vatnsdeild .....	19
Innkaupa- og birgðadeild .....	25
Viðhaldsdeild .....	26
Upplýsingasvið .....	28
Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál .....	28
Skjalastjórnun .....	30
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	35
Áritun óháðs endurskoðanda .....	36
Yfirlit um heildarafkomu .....	37
Efnahagsreikningur .....	38
Eiginfjáryfirlit .....	39
Sjóðstremisýfirlit .....	40
Skýringar .....	41

Í skýrslunni að þessu sinni er viðtal og myndefni tengt fyrirtækinu og fólkinu sem man tímana tvenna, það er að segja heldri notendum veitunnar.

Fólk sem hefur farið frá því að notast við lýsislampa fyrir ljós, mó, kol og olíu til hitunar yfir í það að nútímavæðast með ljós og hita.

Við spurðum spurninga eins og hvernig var málum háttað með hita og ljós í þeirra æsku, hvernig það hafi verið að fá heitt vatn til húshitunar og hvort viðkomandi gæti hugsað sér að vera án þessara þæginda í dag.

Við heimsóttum marga og tókum myndir víða og kunnum viðmælendum sem og öðrum kærlega fyrir þátttökuna. Við sannarlega nutum þess að hitta allt þetta skemmtilega fólk.



**Elín Þórðardóttir ólst upp í Keflavík en bjó sér og fjölskyldunni svo heimili í Njarðvík.**

„Kynt var upp með kolum og olía kom síðar í æsku“

„Þegar olían kom var hún einnig notuð til að kynda eldavélina“

„Vatnsþró var í kjallaranum, rigningavatni var safnað saman og það var kamar úti við“

„Það var mikill munur þegar olían tók við af kolum og mó og svo ennþá meiri munur þegar heita vatnið kom“

„Rafmagnið fór iðulega af á aðfangadag og maður lærði á það, var farin að elda fyrr til að dreifa álaginu“

„Gæti ekki hugsað mér að vera án vatns, hita og rafmagns í dag, það bara væri ekki hægt“

## HS Veitur hf

Árið 2013 var fimmta rekstrarár HS Veitna hf í kjölfar þess að Hitaveita Suðurnesja hf var lögð niður en við hlutverki hennar tóku tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Veitur hf og HS Orka hf.

Starfsemi HS Veitna hf er komin í nokkuð fastar skorður og var með hefðbundnu sniði á árinu. Eftir samdrátt í orkunotkun á veitusvæðinu síðustu árin hefur loks orðið nokkur aukning síðustu tvö árin. Almenn raforkunotkun jókst um 1,6% og notkun ótryggrar orku um 2,5% og í heild þá 1,76%. Sala um hemla stóð í stað á Suðurnesjum (+0,11%) en jókst um mæla um 13,5%. Í Vestmannaeyjum jókst salan um 5,87%. Fjárfestingar á árinu 2013 voru nokkuð meiri en árið áður og námu alls 495 m.kr. en 432 m.kr. á árinu 2012. Munaði þar mest um nýja starfsstöð í Árborg sem kostaði 71,4 m.kr. með breytingum.

Afkoma ársins var góð og umfram áætlanir en bókfærður hagnaður af rekstri félagsins nam 769 m.kr. en árið áður var hagnaðurinn 442 m.kr. Lausafjárstaða félagsins er mjög góð, m.a. vegna þess að afborganir lána hafa verið litlar.

Atriði sem veldur áhyggjum er að hlutfall vatnskaupa af sölu á heitu vatni fer sífellt hækkandi, þrátt fyrir að gjaldskrár fylgist algerlega að. Þannig hefur þetta hlutfall hækkað úr 52,15% árið 2008 í 56,21% árið 2013. Sé tekið tillit til afskrifta á kröfum hækkar hlutfallið úr 52,27% í 57,02% en afskrifaðar kröfur voru 0,21% tekna árið 2008 en 1,43% 2013. Líklegasta skýringin á hækkuðu hlutfalli vatnskaupa er að heimilin séu að auka nýtingu hemlanna sem eykur kaup HS Veitna á vatni án þess að tekjur hækki á móti en viðmiðunin hefur verið 67% nýting. HS Veitur hafa nú óskað eftir viðræðum við HS Orku um verðið á heita vatninu og skyld mál.

Á síðari hluta ársins 2011 hófst vinna svokallaðrar WACC nefndar en hlutverk hennar var að setja reglur og undirbúa reglugerð vegna leyfðs fjármagnskostnaðar og leyfðar arðsemi í raforkudreifingu og raforkuflutningi. Stjórn HS Veitna skilaði inn athugasemdum við framlagðar tillögur og taldi mikið

vanta á að þær tækju tillit til raunverulegrar stöðu fyrirtækjanna og fjármagnsskipunar þeirra. Það var mat fyrirtækisins að illmögulegt væri að ná eðlilegri arðsemi af raforkudreifingu nema hækkað sé viðmið um eiginfjárlutfall og vaxtaálag hækkað í takt við raunveruleikann. Þá hefur fyrirtækið gert athugasemdir við lagaákvæði um tekjuramma dreifiveitna sérstaklega að miða skuli við að hluta 6 ára gamlar rekstrartölur (20%). Sífellt er verið að auka kröfur sem auka rekstrarkostnað en sem dæmi þá myndi slíkur aukinn rekstrarkostnaður á árinu 2014 ekki hafa full áhrif í tekjuramma fyrr en á árinu 2020. Þann 1. október 2012 barst úrskurður orkumálastjóra sem byggði á áliti WACC nefndar og var það kært af flestum viðkomandi aðilum, þar á meðal HS Veitum með bréfi dagsettu 23. nóvember, og barst úrskurður loks þann 11. febrúar 2014. Kæran snérist að ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna raforku fyrir tekjemarkatímabilið 2012 – 2015. Úrskurðarorðið er að „Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi og lagt fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun að fengnu nýju mati sérfróðra aðila sbr. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003“. Hver niðurstaðan verður er óljóst á þessum tímapunkti en hún hefur umtalsverð áhrif á afkomu raforkudreifingar á tímabilinu.

Í febrúar var gengið sölu á 34,38% hlut í félaginu en fyrirvari er um samþykki Samkeppniseftirlitsins og síðan þarf stjórn félagsins og síðan Hafnarfjarðarbær að taka afstöðu til nýtingar forkaupsréttar.

Vatnsmagn frá orkuveri 2012 var 12.748.363 tonn sem er 8,9% aukning frá árinu áður. Framleiðsla varmaorku (miðað við bakrásarhitastig 40°C) var 697,2 GWst eða 7,86% aukning en mesta orkuframleiðsla einstaks mánaðar var í desember eða 72,2 GWst. Mesta framleiðsla í tonnum var einnig í desember eða 1.230.079 tonn. Hámarks klukkustundar framleiðsla í orkuveri var 7. mars eða 475 l/s og sama dag var hæsta sólarhringsframleiðsla eða 104,6 MW í varma.

## 4 Stjórn og skipulag

Aðalfundur HS Veitna hf fyrir árið 2013 var haldinn 14. mars 2013 á aðalskrifstofunni á Brekkustíg 36 í Reykjaneshæ.

Að loknum aðalfundi var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Formaður:	Böðvar Jónsson, Reykjaneshæ
Varaformaður:	Árni Sigfússon, Reykjaneshæ
Ritari:	Magnea Guðmundsdóttir, Reykjaneshæ
Meðstjórnendur:	Elín Smáradóttir, Orkuveitu Reykjavíkur Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbæ Friðjón Einarsson, Reykjaneshæ Guðný Kristjánsdóttir, Reykjaneshæ

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Eydís Mary Jónsdóttir, Reykjaneshæ Eysteinn Eyjólfsson, Reykjaneshæ Páll Erland, Orkuveitu Reykjavíkur Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, Reykjaneshæ Sigríður Björk Jónsdóttir, Hafnarfjarðarbæ Steinþór Jónsson, Reykjaneshæ Þorsteinn Erlingsson, Reykjaneshæ
--------------------	---

Hlutfjáreign í HS Veitum hf skiptist þannig 31.12.2013:

	HS Veitur hf	Hlutfall
Reykjaneshæ	892.043.759	66,748%
Orkuveita Reykjavíkur	221.609.343	16,582%
Hafnarfjarðarbæ	206.047.937	15,418%
Grindavíkurbæ	6.802.866	0,509%
Sandgerðisbæ	4.316.403	0,323%
Garður	4.277.099	0,320%
Vogar	1.331.573	0,100%
Samtals	1.336.429.000	100,000%

Forstjóri fyrirtækisins er Júlíus Jónsson.



**Böðvar Jónsson**



**Árni Sigfússon**



**Magnea Guðmundsdóttir**



**Elín Smáradóttir**



**Eyjólfur Sæmundsson**



**Friðjón Einarsson**



**Guðný Kristjánsdóttir**



**Júlíus Jónsson**  
*forstjóri*

## 6 Fjármál

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2013 var jákvæð um 666 m.kr. en 442 m.kr. árið 2012. Aukning hagnaðar skýrist aðallega með hækkun vergs hagnaðar um 156 m.kr. og lækkun fjármagnsliða um 91 m.kr. Hækkun lífeyrisskuldbindingar nam 42 m.kr. en 89 m.kr. árið áður og verðbætur voru 237 m.kr. en 266 m.kr. árið áður. Verðbætur og vextir námu alls 564 m.kr. eða 11,2% brúttó tekna. Afborganir voru mjög litlar eða 98,5 m.kr. og var lausafjárstaðan mjög góð á árinu.

Á árinu var ráðist í endurfjármögnun á megin hluta skulda-bréfaútgáfu félagsins frá 2008. Var gefinn út nýr flokkur til 20 ára með lægri vöxtum og árlegum afborgunum en eldri flokkurinn var með einum gjalddaga 15. desember 2018. Alls samþykktu um 82% eigenda bréfa í eldri flokknum, að frátöldum eigin bréfum, breytinguna og standa þá eftir, að teknu tilliti til kaupa fyrirtækisins á eldri bréfum, tæp 15% af eldri flokknum. Um áramót skiptast þá langtímaskuldir félagsins þannig að eftirstöðvar nýja flokksins eru 5.620 m.kr. (83%) en eldri flokksins 1.144 m.kr. (17%).

Rekstrartekjur ársins námu alls 5,054 m.kr. sem er um 7,6% hækkun í krónutölu frá árinu áður og um 3,8% hækkun að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.661 m.kr. af vatns-sölu (32,86%), 1.853 m.kr. af raforkudreifingu (36,67%), raf-

orkuflutningur 648 m.kr. (12,82%), ferskvatnssala 508 m.kr. (10,05%) og aðrar tekjur 384 m.kr. (7,6%). Rekstrargjöld voru 3.807 m.kr. og voru afskriftir þar af 552 m.kr. (14,5%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 458 m.kr. en voru árið áður neikvæðir um 549 m.kr. Eiginfjárlutfall var nánast óbreytt milli ára og var 53,1% en veltufjárhlutfall hækkar í 4,63 úr 4,28. Hagnaður á hlut var 0,50 móti 0,33 árið áður. Veltufé frá rekstri jókst um 306 m.kr. úr 1.652 m.kr. í 1.958 m.kr.

Greiddar voru 98,5 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu, en verðbætur lána námu 237 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 6,764 m.kr. og meðal vaxtabyrði langtímalána var 4,0% í árslok.

Í áætlunum fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 626 m.kr. og að þær verði að fullu fjármagnaðar með eigin tekjum. Afskriftir eru áætlaðar verða um 535 m.kr., afborganir langtímaskulda samkvæmt lánssamningum 285 m.kr. og arðreiðslur verði 450 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar verða 5.188 m.kr. og hagnaður 616 m.kr. Ekki er gert er ráð fyrir lántökum á árinu.

### Íbúafjöldi á orkuveitusvæði HS Veitna hf 1.1.2014

	Hitaveita fjöldi	Hitaveita %	Rafmagn fjöldi	Rafmagn %	Vatnsveita* fjöldi	Vatnsveita* %
Reykjanesbær.....	14.520	56,24%	14.520	21,80%	14.520	56,24%
Grindavík.....	2.880	11,15%	2.880	4,32%	2.880	11,15%
Sandgerði.....	1.610	6,24%	1.610	2,42%	1.610	6,24%
Garður.....	1.410	5,46%	1.410	2,12%	1.410	5,46%
Vogar.....	1.130	4,38%	1.130	1,70%	1.130	4,38%
	21.550	83,46%	21.550	32,35%	21.550	83,46%
Hafnarfjörður.....	0	0,00%	27.350	41,05%	0	0,00%
Garðabær (hluti).....	0	0,00%	3.301	4,96%	0	0,00%
Álftanes.....	0	0,00%	2.247	3,37%	0	0,00%
	0	0,00%	32.898	49,38%	0	0,00%
Vestmannaeyjar.....	4.270	16,54%	4.270	6,41%	4.270	16,54%
Árborg.....	0	0,00%	7.900	11,86%	0	0,00%
	25.820	100,00%	66.618	100,00%	25.820	100,00%

Í Grindavík og Sandgerði sér HS Veitur eingöngu um vatnsöflunina.



## Skrifstofa


Rekstur skrifstofu HS Veitna var með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár en um mitt ár urðu þó lítilsháttar skipulagsbreytingar á skrifstofunni. Starf skrifstofustjóra var lagt niður þegar þáverandi skrifstofustjóri lét af störfum. Verkefnum hans var skipt á milli tveggja deilda innan HS Veitna en það eru þjónusta og reikningshald. Verkefnastjóri þjónustuborðs fékk stærra hlutverk og varð deildarstjóri þjónustuborðs og ber hann ábyrgð á rekstri þjónustuborðs ásamt reikninga-gerð og álestri.

Þjónustuborð er starfrækt á þremur stöðum þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum en fyrirkomulagið er eins og verið hefur þ.e. skiptiborð, þjónustufulltrúar og bakvinnsla. Skiptiborðið svaraði 16.210 símtölum á árinu 2013 sem gera u.þ.b. 1.350 símtöl á mánuði sem er lítilsháttar færri símtöl en árið 2012. Á þjónustuborði jókst álag á milli ára þar var svarað 36.019 símtölum á árinu eða um 3.000 á mánuði og eru þetta tæplega 5.000 fleiri símtöl en árið 2012. Þjónustuborðið tók einnig við 16.623 verkbeiðnum á árinu og þar af voru 5.826 tilkynningar um notendaskipti sem er nokkuð svipað og verið hefur undanfarin ár.

Samstarf við Motus gekk vel en Motus hefur séð um milli-innheimtu fyrir HS Veitur frá árinu 2009. Viðskiptavinum HS

Veitna bjóðast ýmsar leiðir til að greiða reikninga sína á réttum tíma og forðast þannig þann kostnað sem óhjákvæmilega bætist við höfuðstól reiknings eftir að innheimtuaðili hefur yfirtekið skuldina. Á árinu 2013 gáfu HS Veitur mánaðarlega út að meðaltali 34.624 reikninga til 26.155 viðskiptavina og eru u.þ.b. 62% útgefinna reikninga í rafrænum viðskiptum og bein-greiðslum. Þetta þýðir í raun að 62% útgefinna reikninga eru pappírslausir sem sparar fyrirtækinu og viðskiptavinum þess prentkostnað og póstburðargjöld auk þess að vera umhverfi-svænt.

## Notendaskipti





**Jón Borgarsson er fæddur á Hesteyri í Jökulsfjörðum en flutti þaðan 14 ára gamall í Hafnirnar.**

„Elskan mín það var aftur í fornöld, mór, kol og viður var notaður til að fá hita. Rafmagn var ekkert fyrr en einhverjir keyptu vindmyllur. Annars var bara olíulampi fyrir ljós“

„Í Höfnunum keypti faðir minn hús sem var fyrst um sinn hitað með kolum og mó, rafmagn var ekkert“

„Svo var farið í olíu, þetta er svo gamalt að það er einstakt að muna bara eftir þessu“

„Það var barátta að fá hitaveituna í Hafnirnar, tvísýn barátta sem hékk á hálmstrái. Ég tel að það væri ekki byggð í Höfnunum í dag hefði hitaveitan ekki komið“.

„Byggði mér hús í Höfnunum sem ég flutti inn í árið 1956, það var í fyrstu hitað með olíu, síðan var rafmagnskynding“.

„Mikil breyting þegar skipt var yfir í hitaveitu og heitt vatn fór að renna, það var algjört happadrætti“.

„Gæti ekki hugsað mér að vera án þessara þæginda í dag, myndi ekki leita á svoleiðis stað í dag. Ég held að margur nútímamaðurinn væri í vandræðum væru þeir með kamínu og ekkert rafmagn eins og var í gamla daga“.

## Reykjanes gönguferðir

HS Veitur hf stóð fyrir, í samstarfi við fleiri fyrirtæki á Suðurnesjum, verkefninu Reykjanes gönguferðir sumarið 2013. Alls var boðið upp á 10 gönguferðir um Reykjanesið á tímabilinu júní – ágúst. Gengið var á miðvikudagskvöldum undir leiðsögn Rannveigar Garðarsdóttur leiðsögumanns. Um er að ræða léttar gönguferðir í bland við erfiðari og lengri gönguferðir í fagurri náttúru Reykjaneskagans. Í hverri göngu segir leiðsögumaður frá ýmsum fróðleik um nánasta umhverfi.

Alls tóku 630 manns þátt í göngum sumarsins sem er aukning á milli ára um 17% frá árinu 2012 þegar 522 manns tóku þátt. Stefnt er á að halda þessu skemmtilega og vel sóttá verkefni áfram sumarið 2014.

## Starfsmannafélag

Aðalfundur Starfsmannafélags HS var haldinn 12. apríl 2013 og var Sigrún Guðmundsdóttir endurkjörin formaður. Aðrir stjórnarmenn eru Heiðar Rafn Sverrisson varaformaður, Matthías Örn Friðriksson gjaldkeri, Sigurður Baldur Magnússon ritari og Skarphéðinn Rúnar Pétursson meðstjórnandi. Varamenn eru Jóhann S. Sigurbergsson og Sigríður Jenný Svansdóttir.

Á árinu voru haldnar nokkrar skemmtanir á vegum félagsins eins og venja er. Árs hátíð félagsins var haldin 2. mars í Officeraklúbbnum á Keflavíkurflugvelli. Þátttaka var mjög góð og veislustjórinn Örvar Þór Kristjánsson sá um að halda veislugestum við efnið og fór á kostum. Skemmtiatriðin voru allt aðkeypt efni og heppnuðust mjög vel. Flott söngfólk og meistara dans. Flott kvöld og flott fólk.

Sumarið var boðið velkomið með fjölskyldudegi 8. júní í Svartsengi. Veðrið var þokkalegt og skemmtu allir sér mjög vel. Hestar, Sirkus og hoppukastali, andlitsmálning og grillaðar pylsur. Virkilega ánægjulegur dagur fyrir alla fjölskyldumeðlimi.

Bústaðurinn okkar í Húsafelli var nýttur alla daga í sumar. Lagfæringar og breytingar sem gerðar voru árinu áður féllu félagsmönnum vel í geð. Umgengni hefur alltaf verið mjög góð við bústaðinn en alltaf má gera betur. Félagsmenn mega vera iðnari við að láta vita hvað þarf að gera eða reyna að gera það sjálfir á meðan að þeir dvelja á staðnum þar sem við erum jú öll



eigendur af þessum bústað og hann er okkar allra að halda við. Nýtingin er ekki eins góð á veturna eins og fyrri ár. En þeir sem fara lofsama dvölina og eiga þar góðar stundir.

Engin sumarferð var þetta árið hjá starfsmannafélaginu heldur var haldin góð grillveisla 14. september í Eldborg í Svartsengi. Þar grilluðum við saman og dönsuðum við undirspil hljómsveitarinnar "Hljómsveit Hússins" fram yfir miðnætti. Það var einróma álit veislugesta að vel hafi tekist til og hljómsveitin hafi haldið þeim allan tímann á dansgólfinu með fjörugum lögum. Voru uppi óskir um að hafa sömu hljómsveit á næstu árshátíð félagsins. Stjórnin tók tillit til þess þegar næsta árshátíð var skipulögð.


Þetta árið var ákveðið að breyta út af venju og bjóða félagsmönnum uppá Villibráðarveislu í Restaurant Lava Bláa Lóninu þann 9. nóvember í stað þess að fara í jólahlaðborð eins og síðustu ár. Var góð þátttaka og maturinn var hreint út sagt dásamlegur. Féll þessi tilbreyting mjög vel í fólk. Umhverfi og

andrúmsloft kvöldsins var stórkostlegt. Virkilega ánægjuleg stund með góðum vinnufélögum.

Jólabingó var haldið í desember og var ákveðið að gefa ágóða af sölu bingóspjalda og happdrættis í góðgerðarmálefni. Fjöldamörg fyrirtæki gáfu vinninga og fór svo að vinningarnir voru langtum fleiri en bingóunnendur. Allir fóru heim með vinning eftir kvöldið. Virkilega ánægjuleg kvöldstund. Stjórnin ákvað að Velferðarsjóður Keflavíkurkirkju skyldi njóta afraksturs kvöldsins sem var 76.500. kr. og svo bætti félagið við peninginn svo að gjöfin var 100.þúsund krónur. Vonandi kemur þessi upphæð til með að hjálpa fjölskyldum í neyð.

Stjórn SFHS hlakkar bara til næsta árs og efast ekki um annað en það verði álíka viðburðaríkt og það liðna. Virkilega gaman að vera í félagi þar sem allir eru virkir þátttakendur í því sem boðið er uppá. Það er alltaf gaman þegar að vel tekst til. Við gætum þetta ekki nema með þátttöku og hjálp frá öllum félagsmönnum.

## Fjöldi heimlagna- og heimtaugabeiðna



## Starfsmenn

	2013				2012			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn.....	2,0		2,0		2,0		2,0	
Fjármála- og þjónustusvið.....	27,0		25,6		28,0		26,3	
Próunarsvið.....	1,0		1,0		1,0		1,0	
Skrifstofa forstjóra.....	5,0	35,0	5,0	33,6	4,0	35,0	4,0	33,3
Forstöðumaður hitav- og ferskvatnsd.....	1,0		1,0		1,0		1,0	
Svæðisstjórn.....	1,0		1,0		1,0		1,0	
Viðhald og eftirlit.....	15,0	17,0	15,0	17,0	14,0	16,0	14,0	16,0
Forstöðum.rafm.d.....	1,0		1,0		1,0		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun.....	3,0		3,0		3,0		3,0	
Tækniteiknun.....	3,0		2,8		3,0		2,8	
Viðhald og eftirlit.....	20,0		20,0		21,0		21,0	
Rafmagnsöryggismál.....	4,0		4,0		4,0		4,0	
Mælar.....	3,0	34,0	3,0	33,8	3,0	35,0	3,0	34,8
Upplýsingakerfi.....	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja.....	2,0		2,0		2,0		2,0	
Birgðavarsla.....	5,0		5,0		5,0		5,0	
Viðhald mannvirkja.....	3,0	10,0	3,0	10,0	3,0	10,0	3,0	10,0
<b>Samtals</b>		<b>98,0</b>		<b>96,4</b>		<b>98,0</b>		<b>96,1</b>
Suðurnes - Njarðvík.....	62,0		61,8		60,0		59,8	
Hafnarfjörður.....	19,0		18,5		20,0		19,5	
Vestmannaeyjar.....	13,0		12,1		14,0		12,8	
Selfoss.....	4,0	98,0	4,0	96,4	4,0	98,0	4,0	96,1
		<b>98,0</b>		<b>96,4</b>		<b>98,0</b>		<b>96,1</b>





## Starfsmannahald

Að venju þegar litið er yfir nýliðið ár þá eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahaldi og síðastliðið ár var óvenjumikið um breytingar. Ellefu fastráðnir starfsmenn létu af störfum og hættu fimm þeirra vegna aldurs. Eins og oft hefur komið fram þá þjónusta starfsmenn HS Orku HS Veitur og er frekari skipting sýnd í meðfylgjandi töflu.

Á þjónustusviði rafmagnsdreifingar létu tveir starfsmenn af störfum í Hafnarfirði, þeir Páll G. Valdimarsson, í lok febrúar, og Helgi Kristinsson, í lok ágúst. Nýr starfsmaður, Guðmundur Bjarni Karlsson, hóf störf í maí. Í Vestmannaeyjum lét af störfum vegna aldurs Þorsteinn Þorsteinsson og í hans stað var ráðinn Ágúst Einarsson.

Á þjónustusviði vatnsdeildar í Njarðvík lét af störfum Rúnar Þór Sverrisson í ágúst. Framlengd var tímabundinn ráðning við tvo sumarmenn, Brynjar Gunnlaugsson og Guðmund Salbergsson.

Á skrifstofunni urðu nokkrar breytingar á árinu. Silja Dögg Gunnarsdóttir, skjalastjóri, lét af störfum í apríl og í hennar stað var ráðinn Eygló H. Valdimarsdóttir. Ráðið var í nýja stöðu verkefnisstjóra gæðamála og hóf Kristín Birna Ingadóttir störf í mars. Anna Jónsdóttir, umsjón orkureikninga, lét af störfum í maí vegna aldurs og tók samstarfskona hennar Guðrún Axelsdóttir við hennar stöðu. Sigríður Svandóttir,

þjónustufulltrúi, fór úr þjónustufulltrúastarfinu á orkureikningasvið og í hennar stað á þjónustuborð var ráðinn Sólveig Björgvinsdóttir. Í Vestmannaeyjum lét af störfum vegna aldurs Bára Guðmundsdóttir. Í Hafnarfirði var ráðinn á þjónustuborð Hrefna Gunnarsdóttir og Bjarni Garðarsson, álesari, lét af störfum vegna aldurs en í hans stað var ráðinn Kristín Kolbeinsdóttir. Harpa Sævarsdóttir skrifstofustjóri fór til annarra starfa í september og voru gerðar talsverðar breytingar á stjórnskipulagi í kjölfarið þar sem aðrir starfsmenn innan sviðsins fengu aukna ábyrgð. Páll M. Egonsson var ráðinn í stað Þórhildar Jónsdóttir sem fór í fæðingarorlof. Gréta Þórðardóttir launafulltrúi lét af störfum vegna aldurs í september. Stóru breytingarnar í lok árs urðu þær að Júlíus Jónsson, sem gengt hefur starfi forstjóra bæði HS Orku og HS Veitna lét af störfum sem forstjóri HS Orku og gegnir nú alfarið starfi forstjóra HS Veitna.

Fjöldi fastra starfa HS Orku eru 134 í 133,1 stöðugildum. Fjöldi þeirra starfsmanna sem starfaði að öllu eða einhverju leyti fyrir HS Veitur hf voru í lok ársins 98 í 96,4 stöðugildum á fjórum starfsstöðum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og fengu, að meðtöldum stjórnarmönnum, alls 169 manns greidd laun á árinu.

## Rafmagnsdeild

### SUÐURNES

#### Fjárfesting

Lokið var við að tengja dreifistöð Stolt Seafood á Reykjanesi. Endurnýjuð var dreifistöð DRE405 í Garði vegna stækkunar á heimtaug með nýrri steyptri stöð sem er hönnuð af HS Veitum en gamla stöðin seld til Hafnarfjarðar. Sett var ný dreifistöð við lðngarða í Garði, DRE416. Unnið var að því að setja nýja dreifistöð við skólann í Garði vegna stækkunar á heimtaug og ófullnægjandi flutningsgetu eldri heimtaugar, stöðin var sett á bið og lýkur líklega 2014. DRE415, dreifistöð 708 við fragtflughlað var sett niður en eftir er að tengja búnað í henni, því lýkur í apríl 2014. Unnið var að uppsetningu tveggja dreifistöðva, DRE735, við byggingu 282 á Ásbrú og lauk því verki í janúar 2014. Byrjað var að vinna við uppsetningu dreifistöðvar, DRE732, í flugskýli LHG í byggingu 831 en sú stöð mun koma inn í húsnæði LHG. Ennfremur hefur verið unnið að breytingu á heimtaug og lágspennutöflu við dreifistöð 734 við byggingu 130 sem er fjarskiptamiðstöðin.

Smíðaðar hafa verið 11 dreifistöðvar hjá HS Veitum, sem vissulega skapar vinnu á svæðinu og sparar gjaldeyri og þar að auki eru stöðvarnar ódýrari og þola íslenskt veðurfar betur.

Lagðir voru tæpir 700m af háspennustreng vegna tengingar á ofangreindum dreifistöðvum. Tengdar voru 73 heimtaugar á árinu, en af þeim voru 34 smáheimtaugar vegna Ljósnets Mílu. Bráðabirgðaheimtaugar voru 8.

Lagt var dreifikerfi í Miðhóp í Grindavík. Unnið var að endurnýjun lagna í Reykjanesbæ samkvæmt áætlun, en í því felst að leggja nýjar stofnlagnir í stað múffukerfis og bæta útleysissskilyrði í bilanatilfellum. Lagðir voru rúmir 1.300 m. af lágspennustofnstrengjum. Útdeildin vann ótullega að lagfæringum eftir skoðanir og með tilkomu DMM kerfisins er sú vinna skilvirkari og gefur betri yfirsýn yfir ástand kerfisins.

#### Rekstrartruflanir

Rekstrartruflanir vegna bilana í háspennukerfinu urðu fjórar á Suðurnesjum á árinu. Bilun varð 14. mars þegar spennir í fjarskiptamiðstöð NATO bilaði og leysti út helming



## Fjárfestingar 2013

Á árinu voru fjárfestingar ívið meiri en árið áður og námu fjárfestingar í veitukerfum 409 m.kr. (409 m.kr. árið áður) og alls 507 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (424 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafmagn	Dreifikerfi hitaveita	Dreifikerfi o.fl. vatnsveita	Samtals
Reykjanesbær.....	49.257	4.808	16.699	70.764
Grindavík.....	8.392	9.562	0	17.954
Sandgerði.....	8.947	576	0	9.523
Garður.....	18.739	177	2.271	21.187
Vogar.....	3.705	140	0	3.845
Hafnir.....	0	0	0	0
Keflavíkurlugvöllur.....	31.732	0	114	31.846
Flugstöðvarsvæði.....	5.219	1.161	0	6.380
Suðurnesjasvæði.....	386	0	0	386
	126.377	16.424	19.084	161.885
Hafnarfjörður.....	116.927	0	0	116.927
Garðabær.....	16.475	0	0	16.475
Álftanes.....	6.099	0	0	6.099
Hafnarfjarðarsvæði.....	0	0	0	0
	139.501	0	0	139.501
Selfoss.....	35.996	0	0	35.996
Eyrbakki.....	592	0	0	592
Stokkseyri.....	2.303	0	0	2.303
	38.891	0	0	38.891
Vestmannaeyjar.....	26.411	36.705	4.341	67.457
Kyndistöð.....	0	1.555	0	1.555
Varmadæluverkefni.....	0	0	0	0
	26.411	38.260	4.341	69.012
Veitukerfi samtals	331.180	54.684	23.425	409.289
Húsnæði Árborg.....				71.510
Búnaður rafmagnsdeild.....				1.258
Upplýsingakerfi.....				6.872
Farartæki- og vinnuvélar.....				17.900
Fjárfestingar alls				506.829



**Ólína Björnsdóttir fæddist á Skagaströnd en flutti á þriðja aldursári á Akranes og síðan til Keflavíkur 1971.**

„Það var mór og kol notaður til húshitunar á mínu æskuheimili“.

„Man eftir gömlu timburhúsi sem mamma og pabbi leigðu á Akranesi, þar var í annarri stofunni kolakynntur ofn og alltaf svo hlýtt“.

„Svo kom olían og hún var mikil breyting“

„Fluttum til Keflavíkur 1971, byggðum hús sem við fluttum inn í 1973 og ákváðum að taka inn rafmangskyndingu í staðinn fyrir olíu“.

„Það var rafkynntur hitakútur sem hitaði vatn, það komust tveir í bað á dag“.

„Það var algjör blessun að fá heitt vatn á sínum tíma. Þannig að ég er búin að upplifa mó, kol, olíu og heitt vatn“.

„Hef alltaf heitt í forstofunni, þegar maður kemur inn úr kuldanum og segir bara aha, þetta er gott“.

„Frábært að hafa hita í stéttum, ég gæti t.d. aldrei mokað í burtu allan snjóinn sem kemur á hverjum vetri“.

„Gæti ekki hugsað mér að vera án þessa þæginda í dag. Við sögðum það líka einu sinni vinkonurnar þegar við vorum á Kanarí í janúar í sudda veðri og komum inn á illa upphitað hótelið, nú vantar bara Hitaveitu Suðurnesja“.

Grindavíkur. Þann 1. apríl bilaði gamall olíustrengur frá Bolafæti að Sólvallagötu en hægt var að breyta hring og koma þannig rafmagn á fljótt aftur og síðan gert við bilunina. Þann 10. maí varð bilun í háspennumúffu í gamla 60Hz kerfinu að Feeder 8 sem olli straumleysi að hluta til á Ásbrú. Þann 21. september varð bilun á háspennustreng frá dælustöð á Fitjum að Rauðamel en hægt var að setja dælustöðina á rafmagn frá Fitjum og Rauðamel á rafmagn frá Svartsengi.

## HAFNARFJÖRÐUR, GARÐABÆR OG ÁLFTANES

### Fjárfesting

Byrjað var að tengja útfarandi háspennustrengi inn á nýja 12 kV háspennurofa í aðveitustöðinni við Öldugötu í Hafnarfirði og í lok ársins var settur upp stjórnbúnaður fyrir nýju skápana. Sá búnaður verður tekinn í notkun á árinu 2014 og þá er gert ráð fyrir að ljúka kaupum og uppsetningu á öllum háspennuskápunum. Eldri rofabúnaðurinn ásamt stjórn- og varnarbúnaði var að hluta til frá árinu 1962, en með nýja búnaðinum á rekstraröryggi stöðvarinnar að batna verulega.

Lagðir voru 7.650 metrar af 12 kV háspennustreng frá iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni að Vatnsskarðsnámum, ofan við Hafnarfjörð og í framhaldi af því er unnið að því að leggja háspennustreng áfram til Krýsuvíkur, samtals um 13.000 metra. Í lok ársins 2013 var lokið við að leggja 3.500 metra af strengnum, en strengurinn er að mestum hluta plægður niður og með honum er einnig lagður ljósleiðari og auka rör til þess að eiga möguleika á að bæta við öðrum ljósleiðara síðar, ef þess verður þörf. Með lagningu jarðstrengsins, verður ekki þörf á að framleiða rafmagn með rafstöð í Krýsuvík, eins gert hefur verið undanfarin ár.

Lagðir voru um 620 metrar af háspennustreng frá Álftanesvegi að Garðaholti, í tengslum við lagningu Álftanesvegar. Með þessari strenglögðun skapast möguleiki á að taka niður gömlu Álftaneslínuna að mestu leyti. Vegna bilunar í háspennustreng var endurnýjaður 340 metra kafli af streng í Stakkahrauni, en það verk var unnið í samstarfi við aðrar veitur.

Vegna vinnu við göng undir Reykjanesbrautina við Suðurholt þurfti að færa tvo háspennustrengi út fyrir verkswæðið, þar sem strengirnir voru fyrir vegna framkvæmdanna.

Lagt var nýtt dreifikerfi í Krókahraun í Hafnarfirði í stað múffukerfis og var settur tengiskápur við Sléttahraun fyrir þrjú fjölbýlishús, en þau voru áður tengd við múffukerfi.





Unnið var við að endurnýja rafbúnað í dreifistöðvum og var m.a. skipt öllum rafbúnaði í dreifistöð við Norðurvang, fyrir utan spennirinn.

Settar voru upp tvær nýjar dreifistöðvar vegna endurnýjunar og stækkunar á dreifistöðvum. Önnur dreifistöðin er á Álftanesi, en þar þurfti að endurnýja allan rafbúnað stöðvarinnar, en hin dreifistöðin er í iðnaðarhverfinu í Molduhrauni í Garðabæ, en þar þurfti bæði að endurnýja allan rafbúnaðinn og auka við spenna afl. Báðar gömlu stöðvarnar verða endurbyggðar og nýttar á öðrum stöðum.

Tengdar voru 69 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu á árinu, sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 48, þar af 33 heimtaugar í Hafnarfirði og 13 heimtaugar í Garðabæ og 2 á Álftanesi. Vinnuheimtaugar voru samtals 21.

## Rekstrartruflanir

Rekstrartruflanir vegna bilana í háspennukerfinu urðu þrjár í Hafnarfirði á árinu 2013. Bilun varð þann 8. janúar þegar háspennustrengur bilaði í Stakkahrauni. Önnur bilun varð þann 2. júní þegar bilun varð í háspennustreng í Hjallabraut. Þriðja rekstrartruflunin varð þann 23. september þegar bilun varð í háspennurofa í dreifistöð Álfaskeið og varð að skipta um þá rofa. Straumleysi varð yfirleitt stutt í þessum bilunum því hægt var að einangra bilanirnar og tengja dreifistöðvarnar með öðrum strengjum.

## VESTMANNAEYJAR

### Dreifing lágspennu

Helsta fjárfesting í gatnalýsingu var lýsing á nýju byggingarsvæði við Kleifarhraun. Þar voru reistir 11 staurar og gengið frá 6 heimtaugum í nýbyggingar. Á Ásavegi var gengið frá einum staur. Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennislismælum fyrir hita- og vatnsveitu. Í kyndistöð var haldið áfram tengingu á nýrri rafmagnstöflu og dælur og skynjarar tengdir vegna afloftunarkúts sem er fyrir rafskautaketil. Í vélasal var endurnýjuð tafla og aflrofi fyrir vél 5. Þá var byrjað að tengja tvær töflur og endurnýjun á aflrofum fyrir vél 1 og 2. Verkinu verður lokið á árinu 2014.

Skipt var um 11 götuskápa víða um bæinn og þar af voru 2 sem brunnu vegna galla. Unnið var að endurnýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærust og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem voru teknir niður var hægt að endurnýja. Einnig var gengið frá varhöldum í ljósastaura. Bilanir á heimtaugum voru 2 og nýjar heimtaugar voru 10 á árinu, ein af þeim var 200A. Endurnýjaðir voru 78 sölumælar á árinu.

Í lágspennukerfi stendur til að halda áfram með endurnýjun gamla olíustrengja og götukassa og að ganga frá nýrri lýsingu á Vestmannabraut, þar verða sett led ljós. Áætlaðar eru 4 nýjar heimtaugar vegna nýbygginga í Kleifarhrauni og Bessahrauni ásamt 200A heimtaug í Eldheima (gosminjasafn) og 400A heimtaug í hreinsistöð á Eiði.

## Dreifing háspennu

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Í Dreifistöð 90001, Höfðastöð, var gengið frá nýju þaki og þakkassa. Dreifistöð 90043, FIVE rofastöð, var lögð niður og háspennurofar færðir í dreifistöð 90041, FIVE bræðsla. Þar var gengið frá nýjum háspennurofum, nýr 2.000 Ampera aflrofi fyrir bræðslu og nýr og stærri spennir, 1250 kVA, í stað 1000 kVA vegna aflaukningar í verksmiðjunni. Þá var færsla á 6 háspennustrengjum sem þurfti að framlengja ásamt spennasambandi. Fengin var aðstoð frá Suðurnesjum við tengingarnar.

Lokið var við frágang á lágspennutöflum í einni dreifistöð vegna kWh mælingar fyrir götuljós og skipt var um hurð og loftristar í annarri dreifistöð. Háspennustrengur frá dreifistöð 90062, Olnbogi, að dreifistöð 90082, Foldahraun, var færður þar sem hann lá í gegnum byggingalóðir í Kleifarhrauni.

Talsverð vinna var vegna lagningar nýs 66 kV sæstrengs á milli lands og Eyja sem Landsnet sá um. Lagningu á sæstreng 3 lauk föstudaginn 12. júlí. Formleg spennusetning var þann 9.10.2013 þegar iðnaðarráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, tók strenginn formlega í notkun.

Á næsta ári þarf að byggja upp lágspennufellt í einni dreifistöð því þar er nú gamalt og úrelt efni og skipta þarf út háspennurofum í annarri dreifistöð. Þá hefur athugasemd komið á þessar dreifistöðvar frá Skoðunarstofu. Klæða þarf eina dreifistöð að utan.

Byggja þarf nýja dreifistöð fyrir fyrirtæki í þurrkun á sjávarafurðum og er um að ræða 2,500 Ampera heimtaug sem beðið er um. Ísfélagið er einnig að fara í stækkun sem útheimtir nýja dreifistöð.

Hefja þarf undirbúning að byggingu nýs 66kV tengivirkis til að auka aflflutning til Eyja og til að geta nýtt afkastagetu nýja sæstrengsins.

## Raforkunotkun 2013

KWh	Ómæld gatnalýsing			Ótryggð			
	Alm. sala	Samtals	Samtals	sala	Samtals	Töp o.fl.	Samtals
Suðurnes 2013 .....	179.695.116	163.764	179.858.880	14.312.182	194.171.062	12.201.442	206.372.504
Suðurnes 2012 .....	175.577.809	163.683	175.741.492	15.955.288	191.696.780	12.550.523	204.247.303
Breyting % .....	2,35%	0,05%	2,34%	-10,30%	1,29%	-2,78%	1,04%
Hafnarfjörður 2013.....	164.023.258	72.896	164.096.154	7.280.331	171.376.485	10.904.840	182.281.325
Hafnarfjörður 2012.....	163.221.680	782.669	164.004.349	6.631.090	170.635.439	9.437.507	180.072.946
Breyting % .....	0,49%	-90,69%	0,06%	9,79%	0,43%	15,55%	1,23%
Vestmannaeyjar 2013 .....	48.726.133	972.775	49.698.908	85.289.332	134.988.240	2.415.089	137.403.329
Vestmannaeyjar 2012 .....	48.200.641	972.775	49.173.416	81.794.373	130.967.789	2.092.712	133.060.501
Breyting % .....	1,09%	0,00%	1,07%	4,27%	3,07%	15,40%	3,26%
Árborg 2013 .....	46.839.684	0	46.839.684	12.581.030	59.420.714	2.919.222	62.339.936
Árborg 2012 .....	46.664.241	0	46.664.241	12.139.190	58.803.431	2.037.589	60.841.020
Breyting % .....	0,38%		0,38%	3,64%	1,05%	43,27%	2,46%
Samtals 2013 .....	439.284.191	1.209.435	440.493.626	119.462.875	559.956.501	28.440.593	588.397.094
Samtals 2012 .....	433.664.371	1.919.127	435.583.498	116.519.941	552.103.439	26.118.331	578.221.770
Breyting % .....	1,30%	-36,98%	1,13%	2,53%	1,42%	8,89%	1,76%
% af heild.....	74,66%	0,21%	74,86%	20,30%	95,17%	4,83%	100,00%



## ÁRBORG

### Fjárfesting

Í ársbyrjun var haldið áfram með framkvæmdir vegna stækkunar á 2x1600 kVA dreifistöðvar 80008 í MS. Háspennustrengir voru tengdir og stöðin spennuset. Var þessu að mestu lokið í febrúar. Haldið var áfram með lagningu og endurnýjun á lágspennustrengjum frá dreifistöð 80002 og lagfæringu á stöðinni. Lagðir voru 318 m. af lágspennustofnstrengjum. Í þessum áfanga náðist að endurnýja 5 heimtaugar og tengja í götuskápa úr múffukerfi. Með þessari framkvæmd er lokið við að koma nýrri lágspennudreifingu af stað, út frá

dreifistöð 80002 ásamt hluta af endurnýjun á háspennustreng, 160m á milli dreifistöðvar 80002 og 80001. Ekki er þó lokið við að endurnýja lágspennu og afleggja múffukerfi í öllum götum tengdum stöðinni. Sett var upp ný dreifistöð fyrir Sláturfélag Suðurlands (SS) og nærliggjandi lóðir stækkuð úr 800kVA í 1600kVA, ásamt því að heimtaug SS (20m x 4 x 4 x 300mm<sup>2</sup>) var stækkuð í 1800 amper. Dreifistöðin var sett upp á nýjum stað því að eldri stöð var fyrir vegna byggingarframkvæmda SS. Lagðir voru 336 m. af háspennustrengjum og 232 m. af lágspennustofnstrengjum út frá nýju stöðinni til þess að tengjast háspennu og lágspennu kerfunum. Endanlegum frágangi er ekki lokið í stöðinni en verður væntanlega lokið 2014.

### Orkuöflun hitaveitu í Eyjum

	2013 kWst	2013 %	2012 kWst	2012 %	Breyting %
Raforka.....	72.784.043	89,28%	64.804.256	84,64%	12,31%
Sorpeyðingarstöð.....	0	0,00%	227.055	0,30%	-100,00%
Olía.....	1.653.950	2,03%	2.386.400	3,12%	-30,69%
Orka, FES.....	1.962.933	2,41%	2.015.028	2,63%	-2,59%
Orka, FIVE.....	5.121.940	6,28%	7.131.090	9,31%	-28,17%
	81.522.866	100,00%	76.563.829	100,00%	6,48%

Búnaður var fjarlægður úr gömlu stöðinni og hafin vinna við að fjarlægja hana af svæðinu. Lagður var lágspennustofnstrengur, 662m af 150mm<sup>2</sup>, vegna heimtaugar í sumarbústað Lambatanga á Stokkseyri.

Tengdar voru 58 heimtaugar, þar af voru 29 heimtaugar vegna ljósnetts Mílu. Einnig var tengd 200 ampera bráðabirgðaheimtaug í Gagnheiði 18. Settir voru upp 26 nýir ljósastaurar ásamt lögnum og búnaði þeim tengdum. Þar af var endurnýjun á 6 staurum á Eyraþakka og 4 á Selfossi.

Unnið var við lagfæringar á dreifikerfinu eftir skoðanir, sem eru að mestu leyti endurnýjun og lagfæringar á götuskápum, dreifistöðvum og lagnir frá dre 80002. Máluð voru gólf og veggir í nokkrum dreifistöðvum. Skoðunarstofur framkvæmdu 6 rekstrarskoðanir og 1 aukanyškoðun.

Á árinu flutti starfstöð HS veitna Árborg úr húsnæði á Austurvegi 67 í annað húsnæði á Eyraþakka 53. Flutningunum

og lagfæringum á húsnæði og lóð fylgdi töluverð vinna hjá starfsmönnum HS. Byrjað var að flytja starfseminna í apríl og flutt inn 24.apríl. Flutningum lauk ekki að fullu fyrr en í 8 júlí.

## Rekstrartruflanir

Þann 3. janúar var straumlaust á öllu svæði HS í Árborg frá klukkan 16:45-17:20. Ástæða var bilun á búnaði í Sogsvirkjunum. Að kvöldi 14. desember var straumlaust í miðhluta Selfoss og norðan Ölfusár vegna bilunar í gömlum olíuháspennustreng á milli dreifstöðva 80005 og 80013. Straumleysi stóð ekki nema í tæpa klukkustund því þar sem kerfið er hringtengt var hægt að rjúfa þennan streng frá kerfinu og koma straum á aftur. Gert var við strenginn í framhaldi af þessu. Skráðar voru 10 bilanir vegna heimtauga og búnaðar tengdum þeim. Ekið var á 9 ljósastaura sem eru í þjónustu HS sem skipta þurfti um.

## Ýmsar upplýsingar varðandi rekstur 2013

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS.

	Reykjanes- bær	Grinda- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir.....	1.424	4.839	779	709	0	0	7.751
Rúmmál tengdra húsa - annað.....	25.523	5.269	0	0	0	0	30.792
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir.....	-116	0	0	0	0	0	-116
Rúmmál aftengdra húsa - annað.....	-2.058	0	0	0	0	0	-2.058
	24.773	10.108	779	709	0	0	36.369
Sala um mæla húsh. (m <sup>3</sup> ) .....	1.706.595	661.193	803.929	191.287	80.631	9.171	3.452.806
Sala til sundlauga (m <sup>3</sup> ) .....	198.607	89.308	107.278	70.541	34.577	0	500.311
Sala um mæla framl. iðn. (m <sup>3</sup> ) .....	13.089	41.897	0	213.435	53.408	8.468	330.297
	1.918.291	792.398	911.207	475.263	168.616	17.639	4.283.414
Sala um mæla alls 2013 .....	1.670.259	703.543	822.171	415.080	154.508	15.376	3.780.937
Breyting % .....	14,85%	12,63%	10,83%	14,50%	9,13%	14,72%	13,29%
Sala á ferskvatni (m <sup>3</sup> ) * .....	565.571	1.377.734	641.577	282.082	563.788	9.351	3.440.103
Sala um hemla 31.12.2012 l/m .....	11.077	2.381	1.354	1.255	989	105	17.161
Sala um hemla 31.12.2013 l/m .....	11.075	2.404	1.358	1.254	984	106	17.181
Viðbætur 2013 % .....	-0,02%	0,97%	0,30%	-0,08%	-0,51%	0,95%	0,12%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

\* Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalin.

# Vatnsdeild

## SUÐURNES

### Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 1,1 km. af dreifikerfi og þar af voru plastlagnir 0,15 km. Lagðir voru 0,5 km vegna endurnýjunar eldri lagna. Lengd dreifikerfisins er nú um 380,8 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 54 km. en lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er um 435 km. Tengd voru 27 hús á árinu, en 4 hús voru aftengd og fjölgaði því inntökum um 23 á árinu, mest í Grindavík en þar fjölgaði um 11 inntök. Fjöldi inntaka í árslok var 6.409.

Á árinu fjölgaði hemlum um 23 og mælum um 21. Í árslok voru hemlar 5.848 og rennislismælar 1.196 eða samtals 7.044. Gerðar voru 4.217 verkbeiðnir, flestar vegna notendaskipta eða 2.156, vegna ýmissar þjónustu hitaveitu 821 og vegna breytingar á vatnsskammti 116. Á árinu voru skoðaðar 1.553 grindur sem er 22% af heildarfjölda grinda en þær voru 7.044 í árslok. Í lagi reyndust 632 grindur eða 41% skoðaðra grinda. Flestar athugasemdir voru vegna óhreininda í síu eða 571.



Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 104. Endurnýjaðir voru 103 hitaveitumælar í mælagrundum. Samkvæmt eftirlitsáætlun voru skoðaðir 1.003 brunnar, í lagi reyndust 918 eða 92%, en úrbóta var þörf í 85 brunnum eða 8%. Einnig var unnið við endurnýjun og málun útloftanna.

Bakrennslisgeymir á Keflavíkurflugvelli var þrífinn og sem-entskústaður. Af öðrum verkefnum má nefna eftirlit með aðveitu- og stofnæðum.

### Kalt vatn

Á árinu voru lagðir 0,23 km. dreifikerfis og tengd 9 hús í Njarðvík, 2 í Keflavík og 1 í Garði. Í árslok voru kaldavatnsheim-æðar 4.561, þar af í Reykjanesbæ 3.674, í Garði 573 og á Keflavíkurflugvelli 314.

Helstu verkefni voru;

- Reykjanesbær; endurnýjun götulagnar í Njarðvíkurbraut, milli Stapagötu og kirkju. Færsla og endurnýjun götu- lagna vegna framkvæmda við Parísartorg.
- Garður; endurnýjun götulagnar í Heiðarbraut, milli Garðbrautar og Melbrautar.

Flugvallar svæði	Samtals	Vestmanna- eyjar	Samtals
0	7.751	3.152	10.903
0	30.792	0	30.792
-5.098	-5.214	-217	-5.431
0	-2.058	-193	-2.251
-5.098	31.271	2.742	34.013
878.873	4.331.679	1.404.886	5.736.565
0	500.311	116.176	616.487
0	330.297	0	330.297
878.873	5.162.287	1.521.062	6.683.349
768.886	4.549.823	1.436.785	5.986.608
14,30%	13,46%	5,87%	11,64%
351.910	3.792.013	785.693	4.577.706
1.785	18.946	0	18.946
1.785	18.966	0	18.966
0,00%	0,11%	0,00%	0,11%



**Emil Birnir Sigurbjörnsson fæddist á Landsspítalanum en fluttist til Njarðvíkur 1 árs, fluttist svo til Keflavíkur og ólst þar upp. Flutti árið 1972 til Luxemborgar og bjó þar til ársins 2005.**

„Ólst upp við olíukyndingu“.

„Fór ungur að árum sem skáti í Svartsengi og okkur strákunum var starsýnt á gufuna sem steig upp úr jörðinni og okkur óraði ekki fyrir að þarna niðri væri fjársjóður sem ætti eftir að hita upp allan Reykjanesskagann“.

„Fylgdist með borunum í upphafi og fannst þetta stórfurðulegt að þetta væri hægt. Ég var alveg heillaður af þessari þróun“.

„Þó ég byggi erlendis þá fylgdist ég alltaf með t.d. í gegnum foreldrar mína. Svo kom ég auðvitað heim annars slagis og sá hvað var að gerast“.

„Í Luxemborg bjó ég við olíukyndingu og gas í illa einangruðu húsi. Ég var skít hræddur við þetta. Húsin voru illa einangruðu yfirleitt bara kynnt það herbergi sem einhver var í“.

„Þegar ég kom heim aftur og kynntist heitaveitunni þá fannst mér þetta ótrúleg þróun“.

„Maður er orðinn svo góðu vanur að ég vildi ekki vera án þessa lúxus í dag. Að vísu aðlagast fólk alltaf því sem það er með eins og maður gerði þegar ég bjó erlendis“.

Unnið var við viðhald á 32 heimæðum, í Keflavík 19, í Njarðvík 7, í Garði 4 og á Keflavíkurflugvelli 2. Endurlagðir voru um 370 m. dreifikerfis, mest vegna endurnýjunar heimæða. Unnið var við minniháttar viðhald á húsnæði dælustöðva, stærsta framkvæmdin var að málaður var dælusalur í dælustöðinni Grænási. Á árinu voru endurnýjaðir 24 kaldvatns-mælar. Einnig var unnið við málun brunahana í Reykjanesbæ, Keflavíkurflugvelli og í Garði.

## VESTMANNAEYJAR

### Hitaveita

Á árinu var lokið við að leggja dreifikerfi í Kleifahraun og dreifikerfi lagt í syðsta hluta Hátúns. Fyrsti áfangi að lagningu dreifikerfis í Hrauntúni var lokið á árinu. Töluverðir lekar eru á dreifikerfinu og var meðallekinn um 100 m<sup>3</sup>/sóláhring. Á árinu fundust 12 lekar í dreifikerfinu og gert við þær bilanir.

Heimæðar voru lagðar í nýbyggingar Bessahraun 5, Hásteinsvegi 21, Kleifahraun 6A, 6B 8A, 8B, Kirkjuveg 66, og hleypt á heimæð Áshamri 1B. Heimæðar lagðar í rafkynt hús að Hátúni 14, Birkihlíð 23, Hrauntúni 55, 57 og 59.

Mælaskipti gengu vel á árinu, þótt töluvert sé í land til að uppfylla reglugerð 1062/2008. Skipt var út um 400 rennslismælum. Ef vinnu við mælaskipti gengur jafnvel árið 2014 eins og 2013 má segja að kröfur samkvæmt reglugerð 1062/2008 um löggildingu rennslismæla verði náð.

Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða, heldur gert við þegar ábendingar berast. Þegar hitaveitan var lögð á sínum tíma var einangrunin skorin af við útvegg og einungis stálrorið sett inn. Nú eru þessi rör farin að tærast og leka. Talið er að nokkur hundruð inntök séu svona og má gera má ráð fyrir auknu viðhaldi við inntök á næstu árum.

Stofnæð hitaveitu fyrir neðra dreifikerfi liggur frá Kyndistöð í brunn á Brekastíg, um 260 metra vegalengd. Stofnæðin var lögð í steyptan stökk og lögnin einangruð með lausum Urethan hálfmánum sem voru bundnir saman. Á nokkrum stöðum hefur raki og bleyta komist í stálrorin og tært á þau göt. Árið 2000 var 100 metra kafli endurnýjaður með foreinangruðum stálpípum og fyllt upp í stökkinn með sandi. Var þá endurnýjað frá Kyndistöð inn á lóð Landakirkju. Mikill leki kom á lögnina sem liggur í gegn um lóð Barnaskóla Vestmannaeyja á árinu. Ákveðið var að endurnýja um 100 metra kafla með foreinangruðum stálpípum og endurnýjað frá þeim stað sem viðgerð lauk árið 2000. Framkvæmt var í júní mánuði 2013 og er nú einungis eftir að endurnýja um 60 metra kafla.

Ekki fór fram mikil skipulögð vinna í brunnum á árinu og einungis gert við þegar bilanir komu upp. Til stendur á árinu 2014, ef tími vinnst til, að fara í skipulagt viðhald á brunnum og vinna eftir DMM viðhaldskerfinu sem búið er að koma upp.

Árið 2013 var fyrsta rekstrarár rafskautaketils með nýja afloftunnar búnaðinum frá Silhorko. Þar er þéttvatnið frá varmaskiptunum soðið (afloftað) áður en það fer inn á rafskautaketilinn sem ketilvatn. Með því verður ketilvatnið súr-efnislaust og basískt. Rekstur rafskautaketilsins er eftir þessa framkvæmd algjör bylting fyrir HS Veitur og starfsmenn. Nú brenna ekki rafskautin eins og þau gerðu, með tilheyrandi bilunum í varmaskiptum, gufulokum og áspéttum. Aldrei þurfti að taka rafskautaketilinn úr rekstri vegna bilana á árinu, en það kom fyrir nokkrum sinnum á ári áður en afloftunnar búnaðurinn kom.

Í nokkur skipti á árinu datt rafskautaketillinn úr rekstri vegna bilana í flutningskerfi Landsnets þar sem flutningskerfi Landsnets á Suðurlandi er ekki í nógu góðu ástandi. Allt of oft kemur „blikk“ á rafmagnið og við það slær rafskautaketilinn út. Þetta fer illa með allan rafbúnað og hefur orðið tjón hjá fyrirtækjum og heimilum vegna þessara tíðu „blikka“.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um framhald á varmadæluverkefninu. HS Veitur hf eru aðilar að Arctic Ocean Heat project sem er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, HS Veitna hf, Orkubús Vestfjarða og aðila í Noregi og Færeyjum til að kanna kosti þess að nota varmadælu til upphitunar á köldum svæðum. Miklar framfarir hafa átt sér stað, varðandi þessa tækni á undanförunum árum.

Enginn samningur er við Landsvirkjun um kaup á rjúfanlegri orku en fyrirtækið gefur út verðskrá u.þ.b. eitt ár fram í tímann. Orkuverðið er breytilegt milli mánaða, hæsta verð er þegar mesta notkun er. Á síðustu tveimur árum hefur ótrygg orka hækkað langt umfram neysluvísitölu og einnig hefur flutningur hækkað umtalsvert. Það er því töluvert óvissa um orkuöflun hitaveitu til framtíðar og í raun þyrftu HS Veitur að fá langtíma-samning um þessi orkukaup.

Orkukaup hitaveitunnar árið 2013 voru að mestum hluta ótrygg orka eða 89%. Afgangsvarmi frá fiskimjölsverksmiðjum Vinnlustöðvarinnar (FIVE) og Ísfélagsins (FES) voru 9% af orkukaupunum en áður var þessum varma hent í sjóinn. Það er því mjög jákvætt að þessi samvinna milli HS Veitna hf, FIVE og FES eigi sér stað. Um er að ræða orkunýtingu í staðinn fyrir sóun og þá minni olíubrennslu.



## Kalt vatn

Nokkrar bilanir urðu á stofnæð í landi á árinu en ekki var um alvarlegar bilanir að ræða og litlar truflanir á rennsli til Eyja. Ekki tókst á árinu að gera við bilaða vatnslögn sem liggur undir Markaflljótinu vegna mikils vatnsflaums í fljótinu allt árið en viðgerð tókst í janúar 2014.

Engar nýframkvæmdir fóru fram á árinu við dælustöð Landeyjasandi, einungis reglubundið viðhald á dælum og húsnæði. Dælustjórnunarbúnaður bilaði en um er að ræða 14 ára gamlan búnað og fengust ekki varahlutir til viðgerðar. Til stendur að endurnýja hann á vordögum 2014. Meðan búnaðurinn er bilaður, þarf að ræsa dælu handvirkt.

Lokið var við að byggja nýjan inngang að dæluhúsi Hrafnaklettum en málningarvinna og annar frágangur er eftir að innan. Í öðrum dæluhúsum fór einungis reglubundið viðhald fram.

Nýju 8" neðansjárvarvatnsleiðslan var mynduð á vordögum. Á myndunum kom ekkert fram sem kallar á nauðsynlegar framkvæmdir. Aftur á móti á enn eftir að ganga frá þverun, þar sem



leiðslan þveran VM1. Búið var að semja við Djúptækni um þetta verk en vegna veðurs var verkið ekki klárað síðastliðið sumar. Til stendur að klára verkið sumarið 2014. Eldri 4" neðansjávar vatnsleiðslan frá 1968 fór að leka rétt fyrir jól og er búið að loka fyrir leiðsluna. Kafarar frá Eyjum hafa gert tvær tilraunir til að staðsetja lekann, en það hefur ekki tekist. Vonandi verður hægt að finna lekann á vordögum og gera við leiðsluna. Þótt ekki renni mikið magn um þessa leiðslu, þá er nauðsynlegt að halda henni í rekstri, svo nota megi hana til að koma drykkjarvatni til Eyja ef eitthvað óvænt kemur fyrir 8" neðansjávarvatnsleiðsluna.

Lagt var dreifikerfi í Kleifahraun og heimæðar lagðar í Bessahraun 5, Hásteinsvegi 21, Kleifahraun 6A,6B 8A & 8B, Kirkjuveg 66. Alls urðu 10 vatnsbilanir á árinu og af þessum 10 bilunum voru 3 bilanir stórar, þar sem rör fóru alveg í sundur. Ef ekki hefði verið brugðist fljótt við, hefði orðið vatnslaut í Eyjum.

Tekin voru regluleg sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarrannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð, öll sýni voru fullkomlega heilnæm.

Mælaskipti gengu vel á árinu og var skipt um 300 rennismæla. Um 6% meiri vatnsnotkun var í Vestmannaeyjum á árinu samanborið við árið áður.

## Breytingar í dreifikerfi 2013

### Hitaveituedeild

Staður	Dreifikerfi			Inntök		
	Lengd 31.12.12 metrar	Viðbætur 2013 metrar	Lengd 31.12.13 metrar	Fjöldi 31.12.12 stk.	Viðbætur 2013 stk.	Fjöldi 31.12.13 stk.
Keflavík.....	91.755	-3	91.752	2.126	-1	2.125
Grindavík.....	51.037	762	51.799	962	11	973
Njarðvík.....	76.121	131	76.252	1.462	9	1.471
Sandgerði.....	34.292	7	34.299	569	1	570
Garður.....	31.460	36	31.496	545	2	547
Vogar o.fl.....	20.143	0	20.143	370	0	370
Hafnir.....	3.236	0	3.236	49	0	49
Keflavíkurlugvöllur.....	64.545	0	64.545	280	0	280
Flugstöðvarvæði.....	7.138	129	7.267	23	1	24
	379.727	1.062	380.789	6.386	23	6.409
Vestmannaeyjar.....	106.439	1.547	107.986	1.197	10	1.207
Samtals.....	486.166	2.609	488.775	7.583	33	7.616

Heildarlengd á pípum í kerfinu er nú um 489 km. Í Vestmannaeyjum, á Keflavíkurlugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi, einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslípípur 6.639 metrar.



## Vatnskaup á Suðurnesjum 2009 - 2013

(GWh miðað við 35°C bakrásarhita)

	2013	2012	2011	2010	2009	Samtals 2009-13	% mánaðar
Janúar .....	70,8	67,9	65,2	75,3	69,4	343,1	9,62%
Febrúar.....	65,4	68,9	62,6	67,7	66,1	330,7	9,13%
Mars.....	77,1	67,9	70,4	65,8	72,8	354,0	9,77%
Apríl .....	70,6	64,4	66,1	65,1	64,1	330,3	9,11%
Maí .....	57,8	55,9	51,5	57,4	54,8	277,4	7,65%
Júní .....	57,1	44,9	47,7	51,4	53,5	254,6	7,03%
Júlí.....	52,1	45,5	47,1	46,8	46,3	237,8	6,56%
Ágúst.....	54,9	47,0	40,4	39,4	47,7	229,4	6,33%
September .....	56,5	49,6	47,7	48,9	50,6	253,3	6,99%
Október.....	58,7	55,8	59,5	52,6	61,4	288,0	7,95%
Nóvember .....	74,2	69,5	61,0	71,4	61,9	338,0	9,33%
Desember .....	75,9	80,1	81,4	76,8	67,6	381,8	10,54%
	771,1	717,4	700,6	718,6	716,2	3.618,4	100,00%
Aukning .....	7,49%	2,40%	-2,50%	0,34%			

## Vatnskaup á Suðurnesjum 2009 - 2013

(pús. tonn)

	2013	2012	2011	2010	2009	Samtals 2009-13	% mánaðar
Janúar .....	1.109,8	1.047,5	1.002,1	1.163,0	1.050,1	5.372,5	9,35%
Febrúar.....	1.023,1	1.070,4	964,4	1.041,9	984,9	5.084,7	8,85%
Mars.....	1.194,1	1.062,2	1.080,4	1.007,9	1.086,9	5.431,5	9,45%
Apríl .....	1.106,7	1.021,3	1.038,7	1.012,4	983,3	5.162,4	8,98%
Maí .....	928,2	910,8	842,0	929,0	862,8	4.472,8	7,78%
Júní .....	942,3	752,6	791,1	854,7	850,7	4.191,4	7,29%
Júlí.....	888,4	777,4	790,4	780,3	758,9	3.995,4	6,95%
Ágúst.....	934,0	798,9	678,8	672,4	776,8	3.860,9	6,72%
September .....	921,7	799,6	783,5	791,6	813,9	4.110,3	7,15%
Október.....	952,5	893,9	953,9	838,3	967,3	4.605,9	8,01%
Nóvember .....	1.165,5	1.075,3	971,2	1.094,1	1.075,2	5.381,3	9,36%
Desember .....	1.137,5	1.238,1	1.241,7	1.171,2	1.012,1	5.800,6	10,09%
	12.303,8	11.448,0	11.138,2	11.356,8	11.222,9	57.469,7	100,00%
Aukning .....	7,48%	2,78%	-1,92%	1,19%			

## Hemlar og mælar, breytingar 2013

## Hitaveituedeild

Staður	HEMLAR			MÆLAR		
	Fjöldi 31.12.12 stk.	Breyting 2013 Nýtingingar/ aftengingar stk.	Fjöldi 31.12.13 stk.	Fjöldi 31.12.12 stk.	Breyting 2013 Nýtingingar/ aftengingar stk.	Fjöldi 31.12.13 stk.
Reykjanesbær .....	3.446	12	3.458	617	15	632
Grindavík .....	836	8	844	176	3	179
Sandgerði og Flugstöðvarsvæði	513	2	515	120	1	21
Garður .....	506	0	506	69	1	70
Vogar .....	350	1	351	35	0	35
Hafnir .....	44	0	44	7	0	7
Keflavíkurflugvöllur.....	130	0	130	151	1	152
	5.825	23	5.848	1.175	21	1.196
Vestmannaeyjar.....	0	0	0	1.475	19	1.494
Samtals.....	5.825	23	5.848	2.650	40	2.690

## Tengt húsnæði 31.12.2013

	Íbúðarhúsnæði m <sup>3</sup>	Annað m <sup>3</sup>	Alls m <sup>3</sup>	%	l/mín	Íbúafjöldi 31.12.13	%	Tonn húshitun
Reykjanesbær .....	2.503.368	1.329.963	3.833.331	60,13%	11.075			1.706.595
Hafnir .....	20.119	1.522	21.641	0,34%	106			9.171
	2.523.487	1.331.485	3.854.972	60,47%	11.181	14.520	67,38%	1.715.766
Grindavík .....	508.991	374.463	883.454	13,86%	2.404	2.880	13,36%	661.193
Sandgerði .....	291.012	191.151	482.163	7,56%	1.358	1.610	7,47%	0
Sandg. - Flugst. svæði ..	0	527.112	527.112	8,27%	0	0	0,00%	803.929
	291.012	718.263	1.009.275	15,83%	1.358	1.610	7,47%	803.929
Garður.....	282.454	77.379	359.833	5,64%	1.254	1.410	6,54%	191.287
Vogar.....	198.552	69.062	267.614	4,20%	984	1.130	5,24%	80.631
Alls .....	3.804.496	2.570.652	6.375.148	100,00%	17.181	21.550	100,00%	3.452.806
Varnarsvæðið .....	644.234	1.145.730	1.789.964		1.785			878.873
Alls .....	4.448.730	3.716.382	8.165.112		18.966	21.550		4.331.679
Vestmannaeyjar.....	402.597	287.943	690.540		0	4.270		1.404.886
Alls .....	4.851.327	4.004.325	8.855.652		18.966	25.820		5.736.565

## Innkaupa- og birgðadeild

Eins og sjá má á n eðangreindri töflu hefur heildarverðmæti innfluttra vara minnkað nokkuð undanfarin ár. Innlend innkaup hafa aukist en starfsemin í birgðageymslum verið nokkuð stöðug. Ein af ástæðum minni erlendra innkaupa og aukningu innlendra innkaupa er að í vaxandi mæli hefur verið samið við birgja um innflutning og birgðahald hérlendis og er það fyrirkomulag nú viðhaft í öllum útboðum á vegum innkaupastjóraráhóps Samorku.

Á árinu voru einungis auglýst tvö verkútboð, þ.e. útboð á endurnýjun kaldavatnslagna í Njarðarbraut í Reykjanesbæ og á lagningu 12kV háspennustrengs frá Vatnsskarðsnámum til Krísuvíkur í Hafnarfirði.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru sem áður fjórar þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fjórir og tveir í hlutastarfi auk birgðastjóra sem starfar við hlið innkaupastjóra. Þrír birgðaverðir starfa í Reykjanesbæ auk birgðastjóra og sjá þeir einnig um geymslur HS Orku við Reykjanesvirkjun og á Ásbrú í Reykjanesbæ og leysa af eftir þörfum í Hafnarfirði og hjá HS Orku í Svartsengi.

Heildarvirði birgða HS Veitna í upphafi árs var um 242 m.kr. og um 244 m.kr. í árslok. Birgðatalningar voru framkvæmdar reglulega á árinu eins og undanfarin ár.

Á árinu var unnið við að fara í gegnum ýmsar óskráðar vörur sem komið hafa inn á lager og þeim ýmist fargað eða þær skráðar inn á lager á vörunúmer. Jafnframt var í samvinnu við svæðis- og verkstjóra farið í gegnum nokkra vöruflokkka, aðallega mæla, og úreltum vörum fargað. Þá voru gerðir verkferlar og eyðublöð sem lýsa og styðja við þessa vinnu.

Starfsemi innkaupastjóraráhóps Samorku, sem HS Veitur eiga fulltrúa í, var með sama sniði og undanfarin ár. Hópurinn

hefur á liðnum árum haft samvinnu um útboð á kaupum á jarðstrengjum, götuljósum, götuljósastaurum og perum með góðum árangri. Almennt hefur gildistími samninga verið mest fimm ár. Í desember 2012 voru boðin út innkaup á natríum-götuljósum. Tilboð voru opnuð í febrúar og bárust alls 21 tilboð. Lægsta tilboðið sem uppfyllti alla skilmála útboðsins var frá Jóhann Rönning í samvinnu við Thorn Lighting AB í Svíþjóð og var því tilboði tekið og samningur undirritaður í maí 2013. Með gerð þessa samnings miðast allir samningar sem innkaupastjóraráhópurinn stendur að við að birgjar annist innkaup og birgðahald á Íslandi. Í desember var auglýst útboð á götuljósastaurum og verða tilboð opnuð í febrúar 2014.



## Innkaup

Ár	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
	Fjöldi pantana	Fob-verð m.kr.	Aðfl.gjöld m.kr.	Flutn.kostn. m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2009.....	11	37,4	0,7	2,0	0,1	40,2	470	4.529	377
2010.....	16	20,9	1,4	1,6	0,1	24,0	600	4.651	388
2011.....	13	50,3	0,2	3,2	0,2	53,9	630	4.653	388
2012.....	11	33,4	0,6	2,3	0,1	36,4	630	5.009	417
2013.....	12	28,6	0,5	1,5	0,1	30,7	710	4.956	413

## Viðhaldsdeild

Eins og áður eru starfsmenn viðhaldsdeildar þrír, viðhalds- stjóri og tveir trésmiðir. Starfsmenn deildarinnar sinna ýmsum fjölbreyttum viðhaldsverkefnum eins og undanfarin ár. Helsta verkefnið ár hvert er árlegt eftirlit með aðveitu- og dreifistöðvum. Farið er einu sinni á ári í kerfisbundna yfirferð til þrifa, eftirlits og mælinga í allar stöðvarnar sem eru alls um 460 þar af 16 aðveitustöðvar og um 444 dreifistöðvar. Niðurstöður eftirlits og mælinga eru skráðar niður og notaðar síðar til úrvinnslu við viðhald eignanna og skipulagningu þess. Unnið var við lag-

færingar og endurbætur í mörgum dreifi- og aðveitustöðvum á veitusvæðunum og þannig haldið áfram vinnu er verið hefur í gangi undanfarin ár. Á árinu voru settar niður átta af hinum nýju steypu spennistöðvum sem hafin var bygging á árið 2012. Farið var í allar dælustöðvar á Suðurnesjum og unnið að ýmsu viðhaldi m.a. málun inni og úti, viðgerð á þakköntum o.fl. Í lagerhúsnaði að Fitjabraut 22 í Reykjanesbæ var m.a. skipt um glugga á suðurgafli og í Bæjarhrauni 14 í Hafnarfirði voru máluð gólf og útbúið fundarherbergi.

## Tekjur 2013

	Heitt vatn	Fersk vatn	Rafm- dreifing	Rafm- flutn	Stofn- gjöld	Aðrar rekstrart.	Tekjur alls
Reykjanesbær.....	654.166	310.607	323.804	101.176	13.319	87.982	1.491.054
Keflavíkurlflugvöllur.	183.231	13.237	64.262	21.350	12.685	2.612	297.377
Grindavík.....	183.654	13.998	110.849	40.032	6.043	9.904	364.480
Sandgerði.....	153.329	6.440	102.095	38.777	19	3.735	304.395
Garður.....	92.189	28.009	44.709	15.381	1.248	4.111	185.647
Vogar.....	55.950	5.698	52.026	19.300	1.212	2.134	136.320
Flugstöðvarsvæði..	0	0	0	0	642	77	719
Suðurnesjasvæði...	0	0	0	0	12.915	14.876	27.791
	1.322.519	377.989	697.745	236.016	48.083	125.431	2.807.783
Hafnarfjörður.....	0	0	582.468	177.755	54.367	59.711	874.301
Garðabær.....	0	0	122.889	40.633	2.404	13.654	179.580
Álftanes.....	0	0	32.847	9.601	133	2.707	45.288
Hafnarfjarðarsvæði	0	0	0	0	-33.269	194	-33.075
	0	0	738.204	227.989	23.635	76.266	1.066.094
Selfoss.....	0	0	188.991	65.297	12.236	21.889	288.413
Eyrbakkí.....	0	0	12.352	3.622	448	1.762	18.184
Stokkseyri.....	0	0	12.101	3.591	610	728	17.030
Árborgarsvæði.....	0	0	0	0	-8.743	1.388	-7.355
	0	0	213.444	72.510	4.551	25.767	316.272
Vestmannaeyjar....	338.028	129.879	203.998	111.629	3.500	37.065	824.099
Önnur svæði.....	0	0	0	0	0	39.634	39.634
Tekjur alls.....	1.660.547	507.868	1.853.391	648.144	79.769	304.163	5.053.882
	32,86%	10,05%	36,67%	12,82%	1,58%	6,02%	100,00%

HS Veitur keyptu í byrjun árs húsnæði við Eyrarveg 53 á Selfossi fyrir starfsemi sína í Árborg en hún var fram að því í leiguhúsnæði hjá Selfossveitum. Grunnflötur hússins er 300 m<sup>2</sup> og lóðarinnar 3.400 m<sup>2</sup>. Gera þurfti ýmsar breytingar á innra skipulagi hússins auk lagfæringa á lóð. Vinnan var að miklu leyti unnin af verktökum sem samið var við eftir verðkannanir. Viðhaldsdeildin annast þrif og undirbúning í byrjun og ýmsan frágang og uppsetningu búnaðar í lokin. Viðhaldsstjóri sá um verkefirlit.

Þau verkefni sem starfsmenn deildarinnar annast ekki eru ýmist boðin út eða unnin af iðnaðarmönnum skv. samningsbundnum töxtum. Verkstjóri viðhaldsdeildar hefur umsjón með og annast samskipti við slíka verktaka/iðnaðarmenn og hefur eftirlit með vinnu þeirra.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi þau verk sem starfsmenn viðhaldsdeildar hafa unnið að á árinu enda erfitt að gefa tæmandi yfirlit. Enginn skortur var á verkefnum enda er ætíð lögð mikil áhersla á að húseignir fyrirtækisins séu í sem bestu ástandi.

2013 %	2012 %	2011 %	2010 %
29,50%	29,17%	29,32%	29,54%
5,88%	6,07%	6,32%	7,74%
7,21%	6,97%	7,10%	6,90%
6,02%	5,96%	5,98%	5,95%
3,67%	3,64%	3,57%	3,48%
2,70%	2,73%	2,64%	2,74%
0,01%	0,02%	0,05%	0,00%
0,55%	0,45%	0,34%	0,45%
55,56%	55,01%	55,31%	56,80%
17,30%	16,62%	16,87%	16,78%
3,55%	3,51%	3,44%	3,43%
0,90%	0,93%	1,03%	0,97%
-0,65%	0,15%	0,24%	0,09%
21,09%	21,21%	21,57%	21,27%
5,71%	5,51%	5,43%	5,46%
0,36%	0,38%	0,33%	0,33%
0,34%	0,33%	0,30%	0,31%
-0,15%	0,05%	0,05%	0,05%
6,26%	6,27%	6,11%	6,15%
16,31%	16,67%	16,01%	15,07%
0,78%	0,83%	1,00%	0,71%
100,00%	100,00%	100,00%	100,00%



## Upplýsingasvið

Upplýsingasvið HS Veitna annast, eins og nafngiftin gefur til kynna, upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður fyrirtækisins fyrir utan iðntölvustýringar og þess háttar tækjabúnað. Unnið hefur verið að umbótum á verklagsreglum og skjalavistun vegna innleiðingar á nýju skjalakerfi og ISO innleiðingu fyrirtækisins. Nýr afritunarbúnaður var tekinn í notkun, ásamt nýrri diskastæðu og ýmis annar búnaður endurnýjaður, ásamt því að þráðlausum nettengibúnaði var algjörlega skipt út.

Á árinu hafa orkureikningakerfi verið skoðuð þar sem ljóst var að ekki verður haldið áfram þróun á því orkureikningakerfi sem í notkun er hjá fyrirtækinu. Unnið hefur verið að forskoðun kerfa í samstarfi við RARIK í þeirri trú að samvinna leiði til lægri rekstrarkostnaðar fyrir bæði fyrirtækin.

Starfsmenn Upplýsingasviðs eru tveir og eru staðsettir á Brekkustíg. Einnig er starfsmaður frá þjónustufyrirtækinu Krivil með starfsstöð innan fyrirtækisins og er hann einnig staðsettur á Brekkustíg.

## Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál

Unnið var að margvíslegum Öryggis- heilbrigðis- og umhverfismálum (ÖHU-málum) á síðasta starfsári. Unnið var að innleiðingu ISO 9001 staðalsins. Útgefin var endurskoðuð Rekstrarhandbók fyrir HS Veitur og við það tækifæri voru kynntar m.a. reglur um notkun öryggisfatnaðar og úthlutun hans. Þá er unnið að endurskoðun á atvika og slysskráningu og markmið þess að auðvelda og gera ferlið skilvirkara.

Breyting varð á starfi öryggisnefndar í upphafi árs, þegar sameiginleg öryggisnefnd HS Orku og HS Veitna var lögð niður. Hin nýja Öryggisnefnd HS Veitna hélt 4 bókaða fundi á árinu auk smærri funda um öryggismál.

Öryggisvika var haldin þann 14 - 18 október s.l. Að venju var dagskrá öryggisvinnunnar fjölbreytt og þátttaka starfsmanna góð. Meðal efnis var m.a. fyrirlestrar um almenn öryggismál, tryggingar, vellíðan í vinnunni, fyrirlestur um öryggiskerfi, kynning á endurvinnslu og förgun, fyrst hjálparnámskeið og námskeið um brunavarnir ásamt kennslu og upprifjum á notkun slökkvitækja. Fundir í öryggisviku voru samtals 38 og haldnir í starfstöðvum fyrirtækisins í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

### Slysskráning

Haldin er skrá yfir slyss og atvik (nærri slyss) sem verða hjá HS Veitum. Slyssum og atvikum er skipt upp í þrjá flokka eftir alvarleika og fjarveru frá vinnustað.

**Tegund 1** = Atvik/slyss án fjarveru

**Tegund 2** = Slyss með 1-7 daga fjarveru

**Tegund 3** = Alvarlegt slyss með fleiri en 7 daga fjarveru

Samtals voru 13 slyss/atvik skráð árið 2013 þar af 12 hjá starfsmönnum HS Veitna og eitt hjá verktaka. Eitt fjarveruslyss af tegund 3 varð og orsakaði það 58 daga fjarveru, en starfsmaður skarst á hendi og skemmdi taugar í lófa. Önnur atvik sem flokkast sem atvik/nærri slyss án tapaðra daga urðu 11. Þar af voru 6 fyrstuhjálpar slyss og 5 atvik/nærri slyss. Af þessum 12 slyssum/atvikum hjá starfsmönnum HS Veitna voru 3 frávik vegna rafmagnsöryggismála.

Fylgst er með slysatíðni verktaka sem vinna á vegum HS Veitna, en verktókum er skylt að tilkynna slys/atvik til viðeigandi aðila. Eitt rafmagnstengt atvik varð við vinnu vertaka hjá HS Veitum þetta árið.

Tíðni vinnutengdra fjarveruslysa hjá starfsmönnum HS Veitum borin saman við alþjóðlega staðla, sem miða við 100 ársverk eða 200.000 unnar vinnustundir, er því eftirfarandi:

- 1 slys = 58 tapaðir dagar
- Unnar stundir hjá HS Veitum hf árið 2013 voru um 180.000
- Slysatíðni: 1 slys x 200.000 stundir / 180.000 stundir


Tíðni vinnutengdra fjarveruslysa hjá HS Veitum fyrir árið 2013 er því 1,11. Til samanburðar varð einnig 1 fjarveruslys á árinu 2012 og er tíðni fjarveruslysa síðustu tveggja ára sú sama. Samtals hafa liðið 307 dagar frá síðasta fjarveruslysi starfsmanna HS Veitna.

## Umhverfis og heilbrigðismál

Förgunarmál hjá HS Veitum voru endurskoðuð á árinu. Ákveðið var að taka upp flokkun og endurvinnu sem mest af því sorpi sem fellur til vegna starfseminnar. Innleiðing flokkunar og endurvinnslu hefur gengið vel. Engin umhverfisóhöpp urðu vegna reksturs HS Veitna á árinu.




## FJÖLDI SLYSA OG ATVIKA



**Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda slysa og atvika eftir tegundaflokkum.**

## FJÖLDI SLYSA OG ATVIKA EFTIR SVÆÐUM



**Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda slysa og atvika fyrir starfsárið 2013.**


## Skjalastjórn

Með skjalastjórn er hægt að stjórna fyrirtækjum og stofnunum þannig að starfsemin sé rekin á skipulegan, hagkvæman og ábyrgan hátt. Skjöl eru mikilvæg sönnun um starfsemi og sögu fyrirtækis eða stofnunar. Skjölin geta veitt stuðning og vörn í málaferlum, sem beinast gegn starfseminni, en geta einnig orðið starfseminni að falli ef sanna á sök á fyrirtæki með eigin gögnum þess.

Mikilvægt er að geyma ekki skjöl lengur en þörf er þannig að óþörf skjöl hlaðist ekki upp. Lög og reglugerðir kveða á um geymslutíma sem hægt er að setja inn í geymslu- og grisjunaráætlun. Þannig áætlun hefur í för með sér að umfang skjalanna í fyrirtækinu og stofnuninni minnkar sem getur lækkað húsnæðis- og geymslukostnað vegna þess að skjölum er komið fyrir með haganlegri hætti og óþarfa og/eða úreltum skjölum er eytt.

Markmiðið með rafrænni skjalastjórn er stöðluð, miðlæg og kerfisbundin vistun á skjölum. Hún auðveldar aðgengi að skjölum og stuðlar að öruggum geymslustöðum. Rafræn skjalastjórn stuðlar að varanlegri varðveislu tiltekinna skjala og grisjun og eyðingu annarra samkvæmt geymslu- og grisjunaráætlun. Ef skjalið á að nýttast öllu fyrirtækinu þarf að vista það miðlægt þar sem fleiri en einn geta nýtt sér skjalið og skoðað á sama tíma.

Starfsvenjur skjalastjórnar ná til allra aðila fyrirtækisins sem mynda eða nota skjöl í starfi sínu.





Lykilstærðir í ársskýrslu 2013

Rafmagnsveita / Dreifing	Suðurnes Magn	Hafnarfjörður Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis .....	700,0	163,0	13,3	159,0	1.035,3	km <sup>2</sup>
Íbúar á orkuveitusvæðinu .....	21.550	32.898	4.270	7.900	66.618	fjöldi
Heimtaugar .....	6.980	6.638	1.416	2.724	17.758	fjöldi
Veitur (mælitæki) .....	11.193	15.686	2.359	3.811	33.049	fjöldi
Fjöldi starfsmanna .....	62,0	19,0	14,0	4,0	99,0	stöðugildi
Fjöldi ársverka .....	20,0	20,0	7,0	4,0	51,0	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli .....	204,4	41,0	52,5	20,0	317,9	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafli .....	127,345	126,775	32,935	31,165	318,2	MVA
Lengd aðveitukerfis .....	86,9	0,0	1,5	0,0	88,4	km
Lengd háspennudreifikerfis .....	182,5	133,1	24,4	53,7	393,7	km
Lengd lágspennudreifikerfis .....	528,0	466,5	87,3	194,7	1.276,5	km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótryggri orku .....	32,10	33,80	10,82	9,50	81,69	MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótryggri orku .....	43,59	34,35	21,96	13,37	107,10	MW
Orkuöflun alls - aðrir .....	206,1	182,2	137,3	62,3	587,9	GWst
Smásala .....	179,9	164,1	49,7	46,8	440,5	GWst
Smásala ótrygg orka .....	14,3	7,3	85,3	12,6	119,5	GWst
Smásala (án vsk); dreifing og flutningur .....	933,8	966,2	315,6	286,0	2.501,6	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk) .....	4,81	5,64	2,34	4,81	4,47	kr/kWst
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði .....	3,11	0,00	15,48	1,14	19,7	Mkr
Niðurgreitt magn .....	929.034	0	4.655.356	343.224	5.927.614	kWst
Hitaveita	Suðurnes Magn		Eyjar Magn		Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis .....	700		13,3		713	km <sup>2</sup>
Íbúar með hitaveitu .....	21.400		3.748		25.148	fjöldi
Hús tengd hitaveitu .....	6.409		1.207		7.616	fjöldi
Veitur (mælitæki) .....	7.044		1.494		8.538	fjöldi
Fjöldi starfsmanna .....	62		14		76	stöðugildi
Fjöldi ársverka .....	15		4		19	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði .....	150		0		150	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) .....	125		38		163	MW
Lengd aðveitu- og stofnæða .....	52,9		1,4		54,3	km
Lengd dreifikerfis .....	380,8		108,0		488,8	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi .....	12.748.363		1.769.451		13.117.252	m <sup>3</sup> /ári
Hámarksálag á árinu .....	104,6		14,5		119,1	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi .....	697,2		81,5		702,4	GWst/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti .....	100		0			%
Hlutfall orkuframleiðslu: annað .....	0		100			%
Smásala .....	18.966		0		18.966	l/mín/mán;
Smásala .....	5.162.287		1.436.785		6.599.072	m <sup>3</sup> ;
Smásala (án vsk) .....	1.322,5		338,0		1.660,5	Mkr
Heildsala (án vsk) .....	0		0,0		0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk) .....						kr/kWst
Meðalverð í smásölu (án vsk) .....			235,00			kr/m <sup>3</sup>
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði .....	0		72,52		72,52	Mkr
Niðurgreitt magn .....	0		828.214		828.214	m <sup>3</sup>



# ÁRSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013





# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur HS Veitna hf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 5.054 millj. kr. (2012: 4.699. kr.) og nam hagnaður ársins 666 millj. kr. (2012: 442 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 18.535 millj. kr. í árslok 2013 (2012: 17.791 millj. kr.). Eigið fé nam 9.841 millj. kr. eða 53,1% af heildarférmagni (2012: 9.475 millj. kr. og 53,3%), arðgreiðsla ársins nam 300 millj. kr.

Hluthafar félagsins voru 7 í árslok en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær .....	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur .....	16,58%
Hafnarfjarðarbær .....	15,42%
Grindavíkurbær .....	0,51%
Sandgerðisbær .....	0,32%
Sveitarfélagið Garður .....	0,32%
Sveitarfélagið Vogar .....	0,10%

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2013. Í skýringu 25 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2013. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Stjórn og forstjóri HS Veitna hf hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Reykjanesbær, 21. febrúar 2014.

Stjórn:



Böðvar Jónsson



Áni Sigfússon



Magnea Guðmundsdóttir



Elín Smáradóttir



Eyjólfur Sæmundsson



Friðjón Einarsson



Guðný Kristjánsdóttir



Júlíus Jónsson, forstjóri

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 21. febrúar 2014.

Deloitte hf.



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir



Þorsteinn Pétur Guðjónsson

## Yfirlit um heildarafkomu árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur .....	5	5.053.882	4.698.548
Kostnaðarverð sölu .....		( 3.382.933 )	( 3.183.215 )
<b>Vergur hagnaður .....</b>		<b>1.670.949</b>	<b>1.515.333</b>
Annar rekstrarkostnaður .....	6	( 424.914 )	( 461.852 )
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>1.246.035</b>	<b>1.053.481</b>
Fjármunatekjur .....		106.583	57.039
Fjármagnsgjöld .....		( 564.344 )	( 605.647 )
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>	<b>9</b>	<b>( 457.762 )</b>	<b>( 548.608 )</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>788.273</b>	<b>504.873</b>
Tekjuskattur .....	10	( 122.513 )	( 63.009 )
<b>Heildarhagnaður ársins .....</b>		<b>665.760</b>	<b>441.864</b>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	18	0,50	0,33

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	11	15.286.898	15.315.517
Óefnislegar eignir .....	12	496.642	513.197
Eignarhlutir í félögum .....	13	9.943	9.943
		<hr/>	<hr/>
Fastafjármunir samtals		15.793.483	15.838.657
		<hr/>	<hr/>
Rekstrarvörubirgðir .....	14	216.868	211.111
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15	780.192	678.838
Handbært fé .....	16	1.744.259	1.062.259
		<hr/>	<hr/>
Veltufjármunir samtals		2.741.319	1.952.208
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		18.534.802	17.790.865
		<hr/>	<hr/>
<b>Eigið fé</b>	17		
Hlutfé .....		1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður .....		334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé .....		8.169.967	7.804.206
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé samtals		9.840.503	9.474.742
		<hr/>	<hr/>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	19	6.128.061	6.071.780
Tekjuskattskuldbinding .....	20	1.086.621	964.108
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	22	556.303	534.624
Lífeyrisskuldbinding .....	21	331.364	289.647
		<hr/>	<hr/>
Langtímaskuldir samtals		8.102.349	7.860.159
		<hr/>	<hr/>
Vaxtaberandi skuldir .....	19	199.991	1.421
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	23	312.190	382.020
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	22	79.769	72.523
		<hr/>	<hr/>
Skammtímaskuldir samtals		591.950	455.964
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		8.694.299	8.316.123
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé og skuldir samtals		18.534.802	17.790.865
		<hr/>	<hr/>



## Eiginfjáryfirlit árið 2013

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Árið 2012</b>				
Eigið fé 1. janúar 2012 .....	1.336.429	334.107	7.119.215	8.789.751
Greiddur arður á árinu .....			( 300.000 )	( 300.000 )
Heildarafkoma ársins .....			441.864	441.864
Leiðrétt frá fyrra ári .....			543.127	543.127
Eigið fé 31. desember 2012 .....	1.336.429	334.107	7.804.206	9.474.742
<b>Árið 2013</b>				
Eigið fé 1. janúar 2013 .....	1.336.429	334.107	7.804.206	9.474.742
Greiddur arður á árinu .....			( 300.000 )	( 300.000 )
Heildarafkoma ársins .....			665.760	665.760
Eigið fé 31. desember 2013 .....	1.336.429	334.107	8.169.968	9.840.504

## 40 Sjóðstreymisyfirlit árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		665.760	441.864
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	8	41.717	88.721
Afskriftir .....		551.775	516.590
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....		( 9.222 )	( 2.222 )
Söluhagnaður/(tap) fastafjármuna .....		( 2.083 )	( 4.568 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	6	582.987	548.609
Tekjuskattur .....		122.513	63.009
		<hr/>	<hr/>
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.953.447	1.652.003
Rekstrarvörubirgðir, (hækkun) /lækkun .....		( 5.757 )	4.755
Skammtímafröfur, (hækkun) / lækkun .....		( 92.132 )	( 28.384 )
Skammtímaskuldir, hækkun / (lækkun) .....		( 69.830 )	24.966
Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun / (lækkun) .....		28.925	( 19.376 )
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.814.653	1.633.964
Innheimtar vaxtatekjur .....		90.054	57.039
Greidd vaxtagjöld .....		( 319.711 )	( 331.406 )
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri		1.584.996	1.359.597
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 506.829 )	( 423.769 )
Seldir fastafjármunir .....		2.311	5.461
		<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar		( 504.518 )	( 418.308 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		( 300.000 )	( 300.000 )
Afborganir langtímalána .....		( 98.478 )	( 36.107 )
		<hr/>	<hr/>
Fjármögnunarhreyfingar		( 398.478 )	( 336.107 )
Hækkun á handbæru fé .....		682.000	605.182
Handbært fé í ársbyrjun .....		1.062.259	457.077
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í lok árs .....		1.744.259	1.062.259
		<hr/>	<hr/>

# Skýringar

## 1. Félagið

HS Veitur hf er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf í HS Orku hf og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni. Félagið er dótturfélag Reykjanesbæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi bæjarfélagsins.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem greitt er fyrir undirliggjandi eignir.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - rekstrarfjármunir
- Skýring 12 - óefnislegar eignir
- Skýring 14 - rekstrarvörubirgðir
- Skýring 15 - viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur
- Skýring 21 - lífeyrisskuldbinding

Upplýsingar um forsendur og óvissu í mati þar sem veruleg áhætta er að verulegar breytingar verði á næsta fjárhagsári, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - rekstrarfjármunir
- Skýring 12 - óefnislegar eignir
- Skýring 14 - rekstrarvörubirgðir
- Skýring 15 - viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

#### a. Erlendir gjaldmiðlar

##### Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

#### b. Fjármálagerningar

##### (i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjáreigna og fjárskulda teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður hluti af gangvirði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem hér greinir.

##### Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru fyrst og fremst eiginfjárgerningar sem eru langtímafjárfestingar. Fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap vegna fjáreigna til sölu er fært á eigið fé að frádregnum sköttum, þar til eignin er seld, innheimt eða ráðstafað á annan hátt, eða þar til hún er virðisrýrð. Við ráðstöfun á fjáreignum til sölu, er uppsafnaður óinnleystur hagnaður eða tap á eigin fé endurflokkað í rekstur. Vaxta- og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru færðar í rekstrarreikning. Eignarhlutar í félögum sem flokkaðir eru til sölu og markaðsverð verður ekki ákvarðað á virkum markaði eða metið með áreiðanlegum hætti, eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

##### Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkaðar sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar. Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé félagsins falla í þennan flokk.

##### Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

#### b. Fjármálagerningar, framhald

##### (ii) Hlutfé

###### Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

#### c. Rekstrarfjármunir

##### (i) Færsla og mat

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söliverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

##### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

##### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveltukerfi .....	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi .....	50 ár
Fasteignir .....	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	5 - 20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

#### d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

##### (i) Nýtingarréttur

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

##### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

##### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur ..... 35 ár

#### e. Leigusamningar

Leigusamningar sem félagið hefur gert eru rekstrarleigusamningar og eru leigufjármunir ekki færðar til eignar. Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

#### f. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

#### g. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

#### h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti og þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

#### i. Tekjur

##### Rekstrartekjur

Tekjur af orkuflutningi og dreifingu og sölu vatns eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reyngslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

##### Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntapi í dreifikerfi og arðsemi á fastafjármuni, fyrir vexti. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

##### Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 árum. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

#### j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eignin er tilbúin til notkunar eða sölu. Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

#### k. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

#### l. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjöldu útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald m. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Afkoma allra starfspáttu félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfspáttu innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfspætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfspætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfspætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfspáttu er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

#### n. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2013 og tengjast starfsemi félagsins. Innleiðingin hefur óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins. Félagið hefur ekki innleitt fyrirfram alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2013. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

## 4. Stýring fjármálalegrar áhættu:

### a. Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerning getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### (i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags. Vegna versnandi efnahagsástands á árununum 2008 til 2013 er veittur styttri tími frá því að viðskiptamaður hættir að greiða þar til lokað er fyrir notkun hans.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisryrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.



## 4. Stýring fjármálalegrar áhættu, framhald:

### c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

### d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### (i) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

#### (ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

#### (iii) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 sem félagið gaf út á þessu ári er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%

### f. Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 9,3% arðsemi, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

## 5. Starfsþáttaryfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
<b>Árið 2013</b>					
Rekstrartekjur samtals .....	2.604.285	1.684.324	515.015	250.258	5.053.882
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	732.385	300.591	163.864	49.194	1.246.034
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....					( 457.761)
Tekjuskattur .....					( 122.513)
Heildarhagnaður ársins .....					665.760
Eignir starfsþátta .....	10.124.054	3.256.208	2.299.710	103.568	15.783.540
Óskiptar eignir .....					2.751.262
Eignir samtals .....					18.534.802
Óskiptar skuldir .....					8.694.299
Fjárfestingar .....	424.664	56.733	25.086	346	506.829
Afskriftir .....	350.347	104.189	93.748	3.491	551.775
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.797.809
	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
<b>Árið 2012</b>					
Rekstrartekjur samtals .....	2.422.854	1.544.837	509.269	221.588	4.698.548
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	587.802	271.427	163.089	31.163	1.053.481
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....					( 548.608)
Tekjuskattur .....					( 63.009)
Heildarhagnaður ársins .....					441.864
Eignir starfsþátta .....	10.049.602	3.304.081	2.368.832	106.199	15.828.714
Óskiptar eignir .....					1.962.151
Eignir samtals .....					17.790.865
Óskiptar skuldir .....					8.316.123
Fjárfestingar .....	260.290	90.161	73.114	204	423.769
Afskriftir .....	319.486	103.602	90.082	3.420	516.590
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.570.071

## 6. Annar rekstrarkostnaður

	2013	2012
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld .....	52.308	99.210
Húsnæðiskostnaður .....	41.717	32.810
Almennur skrifstofukostnaður .....	31.164	29.805
Aðkeypt þjónusta .....	288.045	290.826
Annar kostnaður .....	7.945	6.139
Afskriftir .....	3.736	3.062
Annars rekstrarkostnaður samtals .....	424.915	461.852

## 7. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Stjórnarlausn .....	8.844	8.680
Hækkun líffeyrisskuldbindingar .....	41.718	88.720
Framlag í líffeyrissjóð .....	751	746
Önnur launatengd gjöld .....	995	1.064
Laun og launatengd gjöld samtals .....	52.308	99.210

Laun og launatengd gjöld eru færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2013, en félagið kaupir þjónustu samkvæmt þjónustu og verkkaupasamningi við HS Orku hf.

## 8. Afskriftir og virðisrýrnun

	2013	2012
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskrift rekstrarfjármuna, skýring 11 .....	535.220	500.033
Afskrift óefnislegra eigna, skýring 12 .....	16.555	16.555
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi .....	551.775	516.588
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Kostnaðarverð sölu .....	548.039	513.526
Annar rekstrarkostnaður .....	3.736	3.062
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi .....	551.775	516.588

## 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	106.583	57.039
Fjármunatekjur samtals .....	<u>106.583</u>	<u>57.039</u>
Vaxtagjöld .....	( 327.223 )	( 339.008 )
Verðbætur .....	( 236.918 )	( 266.167 )
Gengistap .....	( 203 )	( 472 )
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 564.344 )</u>	<u>( 605.647 )</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 457.761 )</u>	<u>( 548.608 )</u>

## 10. Tekjuskattur

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Hækkun tekjuskattsskuldbindingar .....	( 122.513 )	( 63.009 )
Gjaldfærður tekjuskattur .....	<u>( 122.513 )</u>	<u>( 63.009 )</u>

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna ársins 2013 á árinu 2014 vegna yfirfæranlegs taps.

Frestaður tekjuskattur í rekstri greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun .....	( 122.513 )	( 63.009 )
	<u>( 122.513 )</u>	<u>( 63.009 )</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	<b>2013</b>		<b>2012</b>	
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		788.273		504.873
Skatthlutfall .....	20,0%	( 157.655 )	20,0%	( 100.975 )
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu .....	( 4,6%	36.461	( 6,7%	33.690
Annað .....	0,2%	( 1.319 )	( 0,8%	4.276
Virkur tekjuskattur .....	<u>15,6%</u>	<u>( 122.513 )</u>	<u>12,5%</u>	<u>( 63.009 )</u>

## 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Fasteignir og aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2012 .....	10.070.981	5.431.772	674.255	16.177.008
Keypt á árinu .....	243.517	156.277	23.976	423.770
Selt á árinu .....	0	0	( 4.499 )	( 4.499 )
Leiðrétt frá fyrra ári .....	603.301	60.486	0	663.787
Staða 31.12.2012 .....	10.917.799	5.648.535	693.732	17.260.066
<b>Afskriftir</b>				
Afskriftir 1.1.2012 .....	842.078	471.759	134.282	1.448.119
Afskrifað á árinu .....	291.829	162.413	45.792	500.034
Selt á árinu .....	0	0	( 3.604 )	( 3.604 )
Staða 31.12.2012 .....	1.133.907	634.172	176.470	1.944.549
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2012 .....	9.228.903	4.960.013	539.973	14.728.889
31.12.2012 .....	9.783.892	5.014.363	517.262	15.315.517
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2013 .....	10.917.799	5.648.535	693.732	17.260.066
Keypt á árinu .....	330.793	78.067	97.969	506.829
Selt á árinu .....	0	0	( 5.556 )	( 5.556 )
Staða 31.12.2013 .....	11.248.592	5.726.602	786.145	17.761.339
<b>Afskriftir</b>				
Afskriftir 1.1.2013 .....	1.133.907	634.172	176.470	1.944.549
Afskrifað á árinu .....	316.773	167.951	50.496	535.220
Selt á árinu .....	0	0	( 5.328 )	( 5.328 )
Staða 31.12.2013 .....	1.450.680	802.123	221.638	2.474.441
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2013 .....	9.783.892	5.014.363	517.262	15.315.517
31.12.2013 .....	9.797.912	4.924.479	564.507	15.286.898

### Veðsetning eigna

Engar eignir eru veðsettar í árslok 2013.

### Bakfærð virðisrýrnun

Á árinu 2008 voru fastafjármunir Hitaveitu Suðurnesja hf, fyrir uppskiptingu í HS Orku hf og HS Veitur hf, endurmetnir og mynduðu hinir endurmetnu varanlegu rekstrarfjármunir stofnefnahag fyrirtækjanna við stofnun þeirra þann 1. desember 2008. Í ljósi ástands efnahagsmála í árslok 2008, var ákveðið að færa niður varanlega rekstrarfjármuni HS Veitna hf, um 900 milljónir króna af varfærnisástæðum sem eftir á að hyggja átti sér ekki stoð. Virðisrýrnunin var færð áður en bókhaldslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði félaganna lauk í árslok 2008. Í ársreikningi 2013 hefur þetta verið leiðrétt og hækka því eignir vatnsveitu og raforkudreifingar um 663,8 milljónir króna að teknu tilliti til afskrifta og rýrnunar eigna. Nettó breytingin að teknu tilliti til áhrif á tekjuskattsskuldbindingu er færð í gegnum eigið fé þar sem framangreind virðisrýrnun í árslok 2008 fór ekki í gegnum rekstur HS Veitna hf og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

### Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd í árslok til að staðfesta að eignir standi undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd á hverja og eina sjóðstreymisskapandi einingu, þ.e. heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Prófin taka tillit til breyttra forsendna um tekjumyndun frá fyrra ári í samræmi við fjárhagsleg markmið fyrirtækisins um arðsemi sem fram koma í heildarstefnu fyrirtækisins um verðlagningu til notenda. Niðurstaða prófanna í árslok benda ekki til þess að félagið hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Nánar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringu 3g.

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 1.303 millj. kr. í árslok 2013 (2012: 1.237 millj. kr.). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 12.087 millj. kr. í árslok 2012 (2012: 7.257 millj. kr.).

## 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Nýtingarréttur
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1.1.2012 .....	579.070
Staða 31.12.2012 .....	579.070
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>	
Staða 1.1.2012 .....	49.318
Afskrifað á árinu .....	16.555
Staða 31.12.2012 .....	65.873
<b>Bókfært verð</b>	
1.1.2012 .....	529.752
31.12.2012 .....	513.197
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1.1.2013 .....	579.070
Staða 31.12.2013 .....	579.070
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>	
Staða 1.1.2013 .....	65.873
Afskrifað á árinu .....	16.555
Staða 31.12.2013 .....	82.428
<b>Bókfært verð</b>	
1.1.2013 .....	513.197
31.12.2013 .....	496.642

### Nýtingarréttur

Félagið hefur eignfært nýtingarrétt vegna samnings sem gerður hefur verið við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjárleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára.

### 13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2013		2012	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Netorka hf .....	8,79%	9.943	8,79%	9.943

### 14. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir félagsins samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum.

	2013	2012
Rekstrarvörubirgðir .....	239.979	237.689
Niðurfærsla rekstrarvörubirgða .....	( 23.111 )	(26.578 )
	<u>216.868</u>	<u>211.111</u>

### 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2013	2012
Viðskiptakröfur .....	781.926	746.315
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 91.990 )	( 101.213 )
Krafa á HS Orku hf .....	74.256	13.889
Aðrar kröfur .....	35.687	39.534
Niðurfærsla annarra krafna .....	( 19.687 )	( 19.687 )
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>780.192</u>	<u>678.838</u>

### 16. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 17. Eigið fé

#### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.336 millj. kr. í árslok og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

#### Lögbundinn varasjóður

Heimilt er að nota lögbundinn varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutfjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða til annarra þarfa.

#### Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 450 millj. kr (0,34 kr. á hlut) á árinu 2014. Á árinu 2013 var greiddur út arður að fjárhæð 300 millj. kr (0,22 kr. á hlut).

## 18. Hagnaður á hlut

<b>Grunn- og þynntur hagnaður á hlut</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Hagnaður ársins .....	665.760	441.864
<b>Vegið meðaltal útistandandi hluta:</b>		
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta .....	1.336.429	1.336.429
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut .....	0,50	0,33

## 19. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 24.

	<b>31.12.13</b>	<b>31.12.12</b>
<b>Langtímaskuldir</b>		
Óveðtryggð bankalán .....	0	1.421
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum .....	6.328.052	6.071.780
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	( 199.991 )	( 1.421 )
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals .....	6.128.061	6.071.780
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	199.991	1.421
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	6.328.052	6.073.201

## Skilmálar vaxtaberandi skulda

		31.12.13		31.12.12	
	Lokagjalddagi	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK ....	2014-2033	4,0%	6.328.052	5,3%	6.073.201
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:					
Árið 2013 .....				-	1.421
Árið 2014 .....				199.991	-
Árið 2015 .....				207.561	-
Árið 2016 .....				215.417	-
Árið 2017 .....				223.571	-
Árið 2018 .....				1.376.245	6.071.780
Árið 2019 - 33 .....				4.541.306	-
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun .....				6.764.090	6.073.201

Langtímaskuld fyrirtækisins, skuldabréf til 10 ára útgæfið 2008 var að stærstu leyti endurfjármagnað á tímabilinu með útgáfu nýs skuldabréfaflokks. HSVE 1301 sem gefin var út rafrænt hjá verðbréfaskráningu Íslands 18. apríl 2013. Nýi flokkurinn er 5.623.825 þús. króna að nafnvirði og ber 3,75% verðtryggða vexti. Höfuðstóll og vextir greiðast með 40 jöfnum greiðslum (e. annuity) fyrsta greiðsla var 15. desember 2013 og greiðist á sex mánaða fresti þar eftir.

Afföll vaxtaberandi skulda nema 436 milljónum króna í árslok og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.



## 20. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:	2013	2012
Staða 1.1. ....	964.108	780.439
Leiðrétt frá fyrra ári .....	0	120.660
Tekjuskattur ársins .....	122.513	63.009
<b>Tekjuskattsskuldbinding 31.12. ....</b>	<b>1.086.621</b>	<b>964.108</b>
<b>Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Rekstrarfjármunir .....	1.139.829	1.103.347
Rekstrarvörubirgðir .....	( 4.622 )	( 5.316 )
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	( 22.336 )	( 24.180 )
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	( 14.119 )	( 16.136 )
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	( 12.150 )	( 93.560 )
Frestun gengismunar skattalega .....	19	( 47 )
<b>Tekjuskattsskuldbinding 31.12. ....</b>	<b>1.086.621</b>	<b>964.108</b>
Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess og skiptist þannig:		
Tap ársins 2009 nýtanlegt til ársins 2019 .....	4.831	411.881
Tap ársins 2011 nýtanlegt til ársins 2021 .....	55.919	55.919
<b>Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals .....</b>	<b>60.750</b>	<b>467.800</b>

## 21. Lífeyrisskuldbinding

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf og nemur hlutdeild þess í árslok 331 millj. kr. (2012: 290 millj. kr.) og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf, hækkun ársins var 41 millj. kr. (2012: 89 millj. kr.). Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

## 22. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur námu í árslok 2013 636 millj. kr. (2012: 607 millj. kr.). Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda og nemur í árslok 2013 80 millj. kr. (2012: 73 millj. kr.).

## 23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2013	2012
Viðskiptaskuldir .....	138.693	144.502
Skuld við HS Orku hf .....	157.124	222.404
Aðrar skammtímaskuldir .....	16.373	15.114
<b>Aðrar skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>312.190</b>	<b>382.020</b>

## 24. Fjármálagerningar

## Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.	2013	2012
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15	780.192	678.838
Handbært fé .....	16	1.744.259	1.062.259
		<u>2.524.451</u>	<u>1.741.097</u>

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningskiladegi:

Viðskiptakröfur, án niðurfærslu .....	781.926	746.315
	<u>781.926</u>	<u>746.315</u>

## Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2013		2012	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	520.047	6.996	485.205	7.648
0 - 30 daga .....	84.531	3.015	31.760	5.442
31 - 60 daga .....	32.506	2.370	18.954	4.746
61 - 90 daga .....	21.829	2.132	17.169	4.339
91 dags og eldri .....	123.013	77.477	193.227	79.037
	<u>781.926</u>	<u>91.990</u>	<u>746.315</u>	<u>101.212</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2013	2012
Niðurfærsla 1.1. ....	101.212	103.436
Afskrifaðar kröfur .....	( 53.114 )	( 44.802 )
Niðurfærsla ársins .....	43.892	42.578
Niðurfærsla 31.12. ....	<u>91.990</u>	<u>101.212</u>

Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru niðurfærðar um 19,7 millj. kr. vegna óvissu um innheimtanleika.

## 24. Fjármálagerningar, framhald

### Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
<b>31. desember 2013</b>						
Vaxtaberandi langtíma skuldir ..	6.328.052	394.764	437.293	437.362	2.456.750	5.921.460
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtíma skuldir .....	312.190	312.190	312.190			
<b>31. desember 2012</b>						
Vaxtaberandi langtímaskuldir ..	6.073.201	8.325.829	323.225	321.804	965.412	6.715.388
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	381.809	381.809	381.809			

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

### Vaxtaáhætta og verðbótaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2013	2012
<b>Fjármálagerningar með fasta vexti</b>		
Verðtryggðar fjárskuldir .....	6.328.052	6.073.201

### Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins. Óveruleg vaxtaáhætta er til staðar.

### Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefði verið 1% hærra á uppgjörstegi hefði afkomu ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2012.

	2013	2012
Verðtryggðar fjárskuldir .....	( 9.492 )	( 9.110 )

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

### Gangvirði

Það er mat stjórnenda að bókfært verð fjáreigna og fjárskulda félagsins sé um það bil jafnt gangvirði þeirra.

## 24. Fjármálagerningar, framhald

### Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
<b>2013</b>				
Eignarhlutir í öðrum félögum .....			9.943	9.943
Viðskiptakröfur .....		689.936		689.936
Aðrar skammtímakröfur .....		90.256		90.256
Handbært fé .....		1.744.259		1.744.259
Samtals eignir .....	0	2.524.451	9.943	2.534.394
Vaxtaberandi skuldir .....	6.328.052			6.328.052
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.sk. ....	154.855			154.855
Samtals skuldir .....	6.482.907	0	0	6.482.907
<b>2012</b>				
Eignarhlutir í öðrum félögum .....			9.943	9.943
Viðskiptakröfur .....		658.991		658.991
Aðrar skammtímakröfur .....		19.847		19.847
Handbært fé .....		1.062.259		1.062.259
Samtals eignir .....	0	1.741.097	9.943	1.751.040
Vaxtaberandi skuldir .....	6.073.201			6.073.201
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.sk. ....	159.405			159.405
Samtals skuldir .....	6.232.606	0	0	6.232.606

## 25. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2013 (2012: 9.449 millj. kr.).

Samkvæmt árshlutareikningi sem HS Orka skilaði þann 12. nóvember 2013 var heildartap tímabilsins janúar til september 2013 um 359 millj. kr. (2012: 600 millj. kr. hagnaður), eigið fé félagsins var 56,4% þann 30. september 2013 (2012: 53,4%) og handbært fé frá rekstri var 2.000 millj. kr. (2012: 2.576 millj. kr.). Er það mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi.

Endanlegur ársreikningur HS Orku hf fyrir árið 2013 liggur ekki fyrir.

## 26. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Á grundvelli samningsins kaupir félagið stjórnunar- og skrifstofuþjónustu, auk þjónustu vegna reksturs veitukerfa félagsins. Samningur þessi er ótímabundinn en er uppseggjanlegur með 18 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

## 27. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast tengdir aðilar.

Upplýsingar um laun stjórnar koma fram í skýringu nr. 7.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
<b>Viðskipti við tengd félög árið 2013:</b>				
HS Orka hf .....	1.964.876	82.418	74.256	157.124
Reykjanesbær, hluthafi .....	469	252.080	30.711	0
Orkuveita Reykjavíkur, hluthafi .....	914	1.703	168	97
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	0	91.584	10.825	0
	<u>1.966.259</u>	<u>427.785</u>	<u>115.960</u>	<u>157.221</u>
<b>Viðskipti við tengd félög árið 2012:</b>				
HS Orka hf .....	1.830.312	23.349	13.890	222.404
Reykjanesbær, hluthafi .....	280	121.017	51.052	0
Orkuveita Reykjavíkur, hluthafi .....	2.706	2.296	162	109
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	311	84.768	20.805	0
	<u>1.833.609</u>	<u>231.430</u>	<u>85.909</u>	<u>222.513</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdar grundvelli

## 28. Atburðir eftir reikningskiladag

Gengið hefur verið frá sölu á 34,38% hlut í félaginu með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ef það fæst þarf stjórn félagsins og síðan Hafnarfjarðarbær að taka afstöðu til nýtingar forkaupsréttar.

Borist hefur úrskurður „Kærunefndar raforkumála“ vegna kæru HS Veitna frá 23. nóvember 2012 á úrskurði ákvörðunar Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna raforku fyrir tekjumarkatímabilið 2012–2015. Úrskurðarorðið er að „Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi og lagt fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun að fengnu nýju mati sérfróðra aðila sbr. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003“. Hver niðurstaðan verður er óljóst á þessum tímapunkti en hún hefur áhrif á afkomu raforkudreifingar á tímabilinu.

## 29. Samþykki ársreiknings

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 21. febrúar 2014.

### SKAMMSTAFANIR:

kV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVa	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVa	= megavoltamper	= 1.000 kVa
kWst	= kílówattstund	= 1.000 wattstundir
MWst	= megawattstund	= 1.000 kWst.
GWst	= gígawattstund	= 1.000 MWst.
TWst	= terawattstund	= 1.000 GWst.
GL	= gígalítri	= 1.000 milljón l.





Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ  
Sími: 422 5200 • [hsveitur@hsveitur.is](mailto:hsveitur@hsveitur.is) • [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)